Ég er ekki að gráta af því mig langar ekki í skólann. Eg er að gráta af því að mig langar svo að vera hjá þér!!



Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

Smáauglýsingar byrja í dag á bls. 5

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is



Hildur með börnum sínum, Lónu Kristínu sem er á fjórða ári og Andra Páli sem er á sjöunda ári.

Fjölskyldan heldur sér í formi saman

Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar, er komin í fri frá karate en hreyfir sig mikið með fjölskyldunni og reynir að eyða öllum frístundum með henni.

„Ég er búin að æfa karate síðastliðið eitt og hálf ár. Nú er ég í smá hléi því ég var að taka við nýju starfi og er með tvö lítil börn. Ég ætla að taka mér frí fram á haust því ég vil gera þetta vel. Ég þarf að mæta sextíu prósent til að fá að taka próf þannig að ég tók mér frekar hlé en að gera þetta illa. Ég er komin með appelsínugult belti og mér finnst þetta mjög góð líkamsrækt. Ég var orðin þreytt á að kaupa mér líkamsræktarkort og mæta fyrstu þrjá mánuðina og síðan ekki meir. Svo sá ég auglýsingu frá Karatedeild Breiðabliks og ákvað að skella mér,“ segir Hildur, sem var liðtæk í kórfulbolta á sínum yngri árum.

„Ég fer líka mikið í göngutúra með krakka og finnst gaman að gera eitthvað til heilsuþótar með þeim eins og að fara í sund eða hjóla. Þegar aðstæður bjóða upp á þá höfum við fjölskyldan líka farið á skíði,“ segir Hildur, sem reynir að eyða sem mestum tíma með fjölskyldu sinni. „Ég og maðurinn minn vinnum bæði mjög mikið og þegar við eigum tíma aflögu viljum við eyða tímum með börnum okkar og ég læt þau ekki í þöskun svo ég geti farið í líkamsrækt.“

Hildur og fjölskylda hennar spá líka aðeins í mataræði á heimilinu. „Ég er mikill nautnaseggur, bæði í mat og sælgæti, þannig að ég hugsa ekkert þannig um hvað ég læt ofan í mig. Það er frekar að ég reyni að hreyfa mig til að geta á móti borðað góðan mat. En við borðum frekar léttan mat á heimilinu því okkur finnst hann góður. Við borðum ekki mikið rautt kjöt heldur frekar kjúkling, ávexti og grænmeti.“

lilja@frettabladid.is

Sólblómaolía gegn sýkingum

HÆGT ER AÐ KOMA Í VEG FYRIR SÝKINGAR HJÁ UNGBÖRNUM MEÐ ÞVÍ AÐ NUDDA ÞAU MEÐ SÓLBLÓMAOLÍU.

Breskir læknar segja það ódýra og einfalda lausn gegn sýkingum að nudda ungbörn með sólblómaolíu. Húð fyrirbura er sérstaklega viðkvæm fyrir sýkingum þar sem hún er ekki fullmótuð, en nýleg rannsókn í Bretlandi sýndi að ef sólblómaolía væri borin á húð þeirra daglega styrktust varnir hennar til muna. Læknar telja þetta sérstaklega góðar fréttir fyrir þróunarríkin, en um 13 milljónir barna fæðast fyrir tímann um allan heim, mörg þeirra í þróunarríkjunum. Sýk-



ingar hjá börnum í þessum löndum eru stórt vandamál og er dánartíðni ungbarna há. Á meðan á rannsókninni stóð var sólblómaolía borin á fyrirburabörnin þrisvar á dag í 14 daga og svo tvisvar á dag þar til börnin voru útskrifuð af spítalanum.

LIGGUR Í LOFTINU í heilsu

Hávaði í umhverfi barna getur verið svo mikill að hann valdi heyrnaskaða, fyrir utan streitu, höfuðverk, truflun á málproska og námsgetu. Niðurstöður hávaðamælinga í skólum og leik-

síðar. Þrátt fyrir að bílaapótekið sé hið fyrsta sinnar tegundar á Norðurlöndum er þó nokkur reynsla af rekstri slíkra apóteka í Bandaríkjunum þar sem lúguapóteku hefur fjölgað síðustu skólum benda jafnframt til þess að húsnæði þar sem börn dvelja sé ekki alltaf nógu vel hannað hvað hljóðvist varðar og uppfylli ekki kröfur byggingareglugerðar um ómtíma. Til að vekja umræðu um þetta vandamál og leita úrræða til bóta mun Umhverfisstofnun ásamt Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Lýðheilsustöð, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur og Vinnueftirliti ríkisins halda ráðstefnu undir yfirskriftinni Hávaði í umhverfi barna hinn 1. apríl í Kiwanishúsinu Engjateigi 17.



Bílaapótek Lyfjavalss er skammt frá Smáralind í Kópavogi og aðkoman er greið. Afgreitt er um lúgu frá klukkan 10 á morgnana til miðnætts, alla daga vikunnar.

Litlar stúlkur eru óánægðar með líkama sinn og vilja vera

grennri en þær eru. Þetta kemur fram í niðurstöðum ástralskar rannsókna sem voru birtar í British Journal of Developmental Psychology. Rannsóknin var unnin af vísindamönnum við Flinders-háskóla í Ástralíu. Stúlkurnar, sem voru allt niður í sex ára gamlar, töldu flestar að því grennri sem þær væru, því vinsælli yrðu þær. Í rannsókninni var talað við 80 stúlkur á aldrinum fimm til átta ára og í ljós kom að 47% stúlkanna víldu vera grennri en þær voru og 45% kváðust myndu fara í megrun ef þær fitnuðu. Samkvæmt upplýsingum frá átroskunarsamtökum Bretlands hafa allt niður í átta ára börn greinst með lystarstol.

heilsa@frettabladid.is

metasys®

Þyngdarstjórnunaráætlunin


komin aftur á sölustaði

Við áttum ekki von á því að Metasys myndi seljast upp á svona skömmum tíma og tók því smá stund að útvega nýjar birgðir.

Við viljum nota tækifærið og þakka frábærar viðtökur.

Metasys er mjög viðurkennt í Bretlandi og mest selda varan í sínum flokki hjá Boots verslunarkerðjunni.

Upplýsingasími 5517020
metasys@simnet.is • www.metasys.is



Hreyfing er holl

Hægt er að finna ótal leiðir til að auka við sig hreyfingu daglega án mikillar fyrirhafnar. Til að mynda er hægt að nota stigana í stað lyftunnar, fara í eltingaleik við börnin, labba út í búð, dansa yfir uppvaskinu og heilmargt fleira. Mundu bara að margt smátt gerir eitt stórt.



Sykurlaus jógúrt!

Hreina lífræna jógúrtin frá BioBú er framleidd án sykurs. Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá BioBú.

Bio·Bú

www.biobu.is var kosinn besti íslenski bændavörðinn

Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

FRABÆR HEILSUBRYKKUR

heilsal

ALOE Frískandi Aloe Vera drykkur með aldinkjöti úr Aloe Vera plöntunni og viðbættu kalki

Plús Kalsíum Aloe Vera plantan þykir hafa góð áhrif á maga og meltingu. Drykkurinn er sérlega bragðgóður og fæst í matvörubúðum og apótekum.

Hans má neyta að vild.

Splenda

Sykurlaust sælgæti

Russel Stover

Ótrúlega bragðgott kolvetnasnautt og sykurlaust sælgæti sem hefur unnið til verðlauna fyrir bragðgæði og vandaða framleiðslu

Fæst í apótekum og matvörubúðum

LowCarb

Flott í sumar

Ný tæki - Betra verð!

SLENDERTONE MAX 19.900.- kr.

SLENDERTONE FLEX 14.900.- kr.

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

Minnistöflur

FOSFOSER MEMORY

Umboðs- og söluaðili sími: 551 9239

Venjulegt fólk. Ótrúlegur árangur!

Áskorunin sem hefur hjálpað hundruðum Íslendinga að komast í gott form er hafin!

Skráningarsími: 555-2866
Upplýsingar: www.eas.is

EAS Líkami þitt er LÍFIÐ

ÁSKORUN

Hún gat það. Þú getur það!

Silicol Skin

vinnur gegn filapenslum og bólum. Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.

Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkra og hreinni og komið í veg fyrir bólur.

Fæst í apótekum.



Ólafur segir ræktun erfðabreytts byggs utanhúss alvarlegra mál en margir vilji vera láta.

Breytingar sem verða ekki aftur teknar

Ólafur Dýrmondsson ráðunautur telur Íslendinga fljóta sofandi að feigðarósi ef þeir leyfa ræktun erfðabreytts byggs utanhúss. Hann segir allt of fáar rannsóknir hafa farið fram á þeim áhrifum sem erfðabreytt matvæli hafi á umhverfi okkar og heilsu.

„Ég tel að ef af ræktun erfðabreyttra lífvera utanhúss verður á Íslandi geti það orðið eitt afdrifaríkasta spor sem stigið hefur verið í íslenskum landbúnaði,“ segir Ólafur Dýrmondsson, ráðunautur í landnýtingu og lífrænum búskap hjá Bændasamtökum Íslands. Þar vísar hann til greinar í Bændablaðinu 14. desember sl. þar sem fram kemur að ORF-Líf-tækni hf. hyggist hefja ræktun erfðabreytts byggs utanhúss á ótilgreindum svæðum, eftir fjögurra ára tilraunir með slíka ræktun í gróðurhúsum. Tilgangurinn með þeirri ræktun er framleiðsla á sérvirkum prótínum til notkunar í lyfjapróun, iðnaði og landbúnaði. Þessi mál verða rædd á yfirstandandi Búnaðarþingi.

Fyrir þá sem ekki vita hvað erfðabreyttar plöntur eru skal upplýst að þær verða til þar sem nýrri

tækni hefur verið beitt til að búa til ný afbrigði, þ.e. plöntu með nýjan eiginleika. Með sérstökum aðferðum eru gen valin og einangruð úr einni lífveru og flutt yfir í nytjaplöntuna sem vantar þetta gen. Þau stýra þá ákveðnum eiginleika sem talinn er eftirsóknarverður og getur til dæmis verið ónæmi gegn ákveðnum illgresiseyðum, meira þol gegn frosti eða næringaríkari forðaprótín í fræi.

Ólafur telur hin lyfjavirku prótín í byggi Orfs óhjákvæmilega fara út í jarðveginn ef um utanhússræktun er að ræða, þau smitist út í grunnvatnið, fuglar himins beri efnin með sér og vindur feyki frjókornum þeirra yfir í aðrar spildur. „Ég skil ekkert í að ekki skuli hafa komið fram athugasemdir við þessi áform og engir varnaglar skuli slegnir,“ segir hann og finnst greinilega að Íslendingar taki þarna óþarfa áhættu.

„Þessi stefna stangast algerlega á við þá mynd sem við viljum hafa sem umhverfisvænt land með hreinar og náttúrulegar afurðir. Hún ógnar framtíð lífræns búskapar í landinu og útflutningi íslenskra landbúnaðarafurða,“ segir hann og bætir við: „Það verður nefnilega ekki bæði sleppt og haldið.“

gun@frettabladid.is

Smoothies
100% ávöxtur

engin aukaefni
enginn viðbættur sykur
arka

metasys
Bylting í þyngdarstjórnun

Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys

Metasys er staðlað 100% lífrænt ræktað grænt te í hylkjum og inniheldur hvert hylki 375 mg af EGCg catechol sem er virkasta efnið í græna telaufinu og er eitt hylki á við 80-100 bolla af grænu tei. Metasys er klínískt rannsakað og er það öflugasta á markaðinum til fitubrennslu.

Fyrir konur og karla

Fæst í apótekum og heilsubúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is
sími 5517020

Yfirburðagæði og styrkleiki Þú finnur muninn!

Vottað lífrænt

Súrefnistæmdar umbúðir til að næringarefnið varðveitist.
Fæst í apótekum

heilsuráð }



Láttu þér líða vel

GÓÐ ANDLEG HEILSA ER OKKUR AFAR DÝRMÆT OG ER MIKILVÆGT AÐ SINNA HENNI AF ALVÖRU.

Eðlilegt er að eiga slæmar stundir en æskilegt er að þær séu færri en þær góðu svo lífið geti nú brosað við okkur. Eftirfarandi eru nokkur góð ráð um hvernig gott er að viðhalda góðri andlegri heilsu.

Hugsðu vel um sjálfan þig.

Fáðu næga hvíld, stundaðu líkamsrækt og gættu að mataræðinu og mundu að heilbrigði sál er í hraustum líkama. Haltu hugsuninni gangandi með því að læra nýja hluti, lesa og reyndu að takast á við spennandi verkefni sem krefjast úrlausna.

Þekktu takmörk þín.

Leitaðu hjálpar ef þér líður illa og finnur að þú getur ekki leyst málin upp á eigin spýtur, enda er það heilbriggt að leita sér hjálpar. Finndu einhvern sem þú treystir og þú veist að mun mæta þér með skilningi – en það þarf ekki endilega að vera einhver sem þú þekkir.

Lærðu að taka á stressi.

Finndu streitulosandi aðferðir sem virka á þig. Lærðu að slaka á og finndu jafnvel einhvern stað sem þú færð að vera í friði, en sumir slaka best á í faðmi vina og fjölskyldu.

Hittu vini þína.

Hittu að minnsta kosti einn vin þinn reglulega og betra er að það sé einhver sem þú treystir vel og getur talað við um hvað sem er. Ekki er verra ef þið getið hlegið saman. Góður vinur getur gert kraftaverk.

Nærðu sálina.

Taktu þér tíma til að sinna andlegum málefnum, hugleiða, lesa heimspeki eða hvað það sem hjálpar þér að takast á við áskoranir lífsins. Lærðu að losa þig undan sársauka og fyrirgefa – og reyndu að hafa ekki of miklar áhyggjur.

Hrósaðu þér.

Komdu auga á hæfileika þína og það sem þú gerir vel í lífi þínu. Hrósaðu sjálf um þér fyrir það sem þú gerir vel og hafðu það ofar í huga en það sem þú telur þig leysa illa af hendi.

Sojamjólk í stað kúamjólkur

ÝMISLEGT ER Í BÓÐI FYRIR ÞÁ SEM Hafa OFNÆMI FYRIR MJÓLK.

Meðvitund um mjólkurofnæmi eða mjólkurþol hefur verið að aukast ásamt úrvali af vörum sem koma í staðinn fyrir mjólk. Sojadrykkir, eða sojamjólk, hafa fengist í allmörg á og er sojamjólkinn notuð á sama hátt og venjuleg mjólk. Í dag er úrvalið mikið og hægt að fá bragðbætta sojamjólk með jarðarberja- og súkkulaðibragði svo dæmi séu tekin. Mikið af sojamjólkinni er kalkbætt, en kalk er afar mikilvægt bættiefni fyrir tennur og bein. Auk sojamjólkurinnar er hægt að fá hrísgrjóna-, hafra- og möndlumjólk með mismunandi bragði þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.



Sojavörur henta vel þeim sem hafa mjólkurþol eða ofnæmi.

Árásargirnir kemur fram í fingralengd

KARLMANNSHÖNDIN GETUR SAGT TIL UM ÁRÁSARGIRNI, FRJÓSEMI OG JAFNVEL ÞUNGLYNDI.

Fingralengd karlmanna getur gefið vísendingar um hversu árásargirnir þeir eru ef marka má niðurstöður kanadískra vísindamanna sem starfa við Háskólann í Alberta. Niðurstöðurnar eru eitthvað á þá leið að því styttri sem vísifingurinn er í samanburði við lengd baugfingurs, því árásargjarnari er maðurinn. Þetta á þó eingöngu við um líkamlega árásargirni en ekki andlega, að sögn vísindamannanna. Baugfingur og vísifingur kvenna eru yfirleitt álíka langir en baugfingur karlmanna er í flestum tilvikum mun lengri en vísifingur. Fyrri rannsóknir benda einnig til að því lengri sem baugfingurinn er á karlmanninum, og því samhverfari eða



Hendur og fingur karlmanna geta sagt ýmslegt um þá.

symmetriskari sem hönd hans er, því frjórri sé hann. Dr. Peter Hurd, sem stjórnar rannsókninni, hyggst nú rannsaka hvort karlmennt með kvenlegri fingralengd hafi meiri tilhneigingu til þunglyndis en hinir.

Ruslfæði verði bannað í skólum

ARNOLD SCHWARZENEGGER RÍKISSTJÓRI ÆTLAR AÐ BÆTA MATARÆÐI BARNNA Í KALIFORNÍU. DEMÓKRATAR VILJA BANNA GOSDRYKKI Í GRUNNSKÓLUM.

Offita barna og heilsufarsvandamál þeim fylgjandi hafa aukist í Bandaríkjunum og vill Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, taka á þeim málum með því að bæta mataræði barna í skólum. Hann ætlar að leggja fram frumvarp sem bannar sölu á svokölluðu ruslfæði í skólum Kaliforníu – það verður því ekki lengur heimilt að selja óhollt fæði í sjálfsölum á skólalóðum en þess í stað verða ávextir og grænmeti í boði. Schwarzenegger lýsir jafnframt yfir stuðningi sínum við frumvarp demókrata þar sem lagt er til bann á gosdrykkjum í ríkisreklam skólum.

Það eru fleiri en ríkisstjórinn sem taka á málunum því nú bjóða sex skólar í Orlando í Flórída nemendum sínum hollt fæði. Það er gert í samstarfi við Dr. Arthur Agatston, lækni og höfund South-Beach matarkúrsins. Skólayfirvöld segjast þó ekki fylgja þeim matarkúr sérstaklega en vissir þættir kúrsins séu þó notaðir til viðmiðunar. ■



Arnold Schwarzenegger vill banna ruslfæði í skólum í Kaliforníu.

Gönguferðir efla athyglisgáfuna

HREYFING ER ELDRÁ FÓLKI EKKI SÍÐUR MIKILVÆG EN YNGRA FÓLKINU.

Eldri borgarar ættu að fara reglulega í góðan göngutúr. Rannsóknir hafa leitt í ljós að andlegt atgervi, svo sem athyglisgáfa og minni, er til muna betra hjá þeim sem stunda reglubundna hreyfingu. Gerð var könnun á viðbragðsflýti og snerpu ríflega fjörutíu manna, á aldrinum 58 til 77 ára, að lokinni tveggja kílómetra göngu. Kom í ljós



að þeir sem voru í góðu formi stóðu sig mun betur á prófi sem lagt var fyrir þá að göngunni lokinni. Vísindamenn sem starfa við Illinois-háskóla telja að ef eldri borgarar fari í gönguferð tvisvar til þrisvar í viku séu þeir að efla andlega getu sína. Það nægir að ganga frá 10 mínútum upp í 45 mínútur í senn – allt eftir getu fólks. ■

Slim-Fast

Nærir og grennir

Með Slim-Fast sem hluta af daglegu mataræði fær líkaminn flest þau næringarefni sem hann þarfnast um leið og gengið er á aukakílóin.

Berglind léttist um 7 kíló með Slim-Fast

BIOMEGA
-gæðin vís

LIDA PLÚS
- gott fyrir liðina -

Byggir upp liðbrjósk.
Glúkósamín 500mg
og Kondróítín 400 mg
fæst í apótekum og stórmörkuðum.

GRÆNMETISNÁMSKEIÐ
SÓLVEIGAR

Eg kenni að kaupa inn hollt hráefni og elda gómsæta og næringaríka rétti úr grænmeti, baunum og tofu, að ógleymdum sykurlausum eftirréttum.

Kennari er Sólvéig Eiríksdóttir

Námskeiðið er eitt kvöld að lengd, frá kl. 19.00 – 23.00 og er byrjað að skrá á eftirtarandi námskeiðsstaða

9.mars, uppset | 16.mars | 23.mars
30. mars

Einnig verða framhaldsnámskeið fyrir þá sem lokið hafa byrjendanámskeiðið:

10.mars, uppset | 31.mars

Verð kr. 4.900,- kr.
SKRANING Í SÍMA 821 4608

HIMNESK
HOLLUSTA

SÓMABAKKAR
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*

*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.

SÓMI

Nánari upplýsingar á somi.is



MARGRÉT KALDALÓNS
veitir ráðgjöf í Heilsuhúsinu

Margrét Kaldalóns, betur þekkt sem Lína, hefur starfað í Heilsuhúsinu frá byrjun. Hún er mikil áhugakona um náttúrulækningar og heilbriggt mataræði og hefur aflað sér hagnýtrar reynslu á löngum ferli.

Lína veitir ráðgjöf í Kringlunni: mánud. - miðvikud. kl. 14-18
Skólavörðustíg: fimmtud. og föstud. kl. 14-18





Low Carb
Splenda

SPLENDA er náttúrulegt sætuféni sem hefur eðlilegt sætubragð.

SPLENDA er kalóríufritt og veldur ekki tannskemmdum.

Hægt er að baka, elda og sulda úr SPLENDA.

SPLENDA kemur í stað sykurs og er frábært fyrir sykursjúka.

Fæst í matvöruverslunum og apótekum



Kjarnahvítlaukur

100% HREINN
Hvítlaukur

Kjarnahvítlaukur inniheldur engin íblöndunarefni né rotvarnarefni.

Kraftur hvítlaucksins hefur verið kunnur í aldaræðir og hann vinnur meðal annars á bakteríum sem önnur lyf virka ekki á.

Fæst í marvöruverslunum, heilsuvörubúðum og apótekum

Hreyfing getur komið í staðinn fyrir lyfjagjöf

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingar, vill að hreyfing verði valkostur í heilbrigðiskerfinu. Læknar á Norðurlöndum hafa um skeið vísað sjúklingum á hreyfingu með góðum árangri.

„Heilbrigðiskerfið á ekki að vera veikindakerfi. Heilbrigðiskerfið á að standa undir nafni og stuðla að heilbrigði fólks þótt auðvitað sé ábyrgðin á endanum hjá fólkinu sjálfu. Við viljum að hreyfing verði valkostur í heilbrigðiskerfinu þannig að læknar geti vísað á hreyfingu sem meðferð við sjúkdómum á sama hátt og þeir vísa á lyf og læknaaðgerðir,“ segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingar, en hún hefur ásamt þingmönnum Drífu Hjartardóttur, Þuríði Backman, Gunnari Örlygssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Magnúsi Stefánsyni lagt fram tillögu til þingsályktunar sem felur í sér að heilbrigðisráðherra skipi nefnd til að undirbúa að hreyfing verði raunverulegur valkostur í heilbrigðiskerfinu.

Ásta Ragnheiður bendir á að útgjöld til heilbrigðismála aukist stöðugt og aðgerðum á sjúkrahúsum fjölgi ár frá ári auk þess sem lyfjanotkun fari vaxandi. „Það þarf að leita leiða til að breyta þeirri hugsun að eina lækningin við kvillum sé lyf eða aðgerð því oft geta sjúklingar breytt heilsufari sínu með breyttu lífni, mataræði og hreyfingu,“ segir Ásta Ragnheiður.

Í greinargerð með þingsályktuninni kemur fram að offita meðal fullorönnna hafi tvöfaldast á tuttugu árum og að um 65% fullorönnna landsmanna séu yfir æskilegri þyngd.

„Við hugsum vel um bílana okkar, bönunum þá og látum gera



Ásta Ragnheiður vill sporna við auknum útgjöldum í heilbrigðiskerfinu og telur að ein leið til þess sé að læknar ávísi hreyfingu til sjúklinga sinna.

við þá þegar þeir bíla. Svo skiptum við þeim út þegar þeir eru orðnir lúnir. Við fáum hins vegar bara einn skrokk sem við getum ekki skipt út. Þess vegna skiptir miklu að heilbrigðiskerfið sinni forvörnum. Offita veður til dæmis miklum kostnaði í heilbrigðiskerfinu og fer vaxandi hjá börnunum. Offita er raunverulegt heilbrigðisvandamál sem, ef ekkert verður að gert, á eftir að verða

heilbrigðiskerfinu þungur baggi. Það er engin spurning að hreyfing og hollusta er góð leið til að sporna við þeirri þróun.“

Í greinargerð þingmannanna kemur jafnframt fram að Svíar, Danir og Norðmenn hafi um nokkurra ára skeið gert tilraunir með að vísa á hreyfingu sem úrræði í stað þess að vísa á lyf. Þykir þessi valkostur hafa gefið góð raun.

arndis@frettabladid.is

Heilsuvörur og matstofa

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 11–17

maður lifandi
Borgartúni 24

LYFJA

Við mælum blóðfitu

Pantaðu tíma
í Lágmúla í síma 533 2308
Smáratorgi í síma 564 5600

Centimetrarnir Fjúka!

Eurwave:
Með léttari raförvun styrkjast vöðvar, fita og appelsínuhúð brotna niður og húðin stynnist! Frír prufutími!

Sími: 564 4858
Smíðjuvegi 1 - Kópavogi

Fyrir & Eftir
heilsustúdíó
www.fyrirogeftir.is
Fullt af spennandi tilboðum!

Opnunartími:
Mán-Fim: 10-20
Fös: 10-19
Lau: 10-14

ROPE YOGA

Rope Yoga er heilðrænt hug- og heilsuræktarkerfi sem skilar skjóttum árangri og stuðlar að varanlegum breytingum á líðan þinni og lífsháttum.

Rope Yoga bönd kr. 19.900.-
Rope Yoga æfingastöð kr. 59.900.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Alsæla leiðir til þunglyndis

VISS GENASAMSETNING GETUR VALDIÐ ÞVÍ AÐ NEYTENDUR ALSÆLU FÁI EINKENNI ÞUNGLYNDIS.

Háskólinn í Cambridge rannsakaði 124 manns og komst að því að fólk með tiltekna genasamsetningu sýndi sterk einkenni þunglyndis eftir notkun eiturlýfsins alsælu. Vísindamennirnir telja þetta sýna að hætta sé á að alsæluneytendur geti átt eftir að eiga við langtíma geðsjúkdóma. Vitað er að alsæla hefur áhrif á serótínin, sem er lykilefni í stjórnum skaps og tilfinninga, en genin sem flytja serótín voru sérstaklega skoðuð. Allir bera tvær ólíkar tegundir af hverju geni, en samsetning á þeim getur verið mismunandi frá manni til manns og sýndi rannsóknin að þeim sem hafa svokallaða ss-samsetningu er hættara við þunglyndi. Það sem þykir þó einna merkilegast við þessa rannsókn er að hún sýnir að alsæla veður langvarandi breytingum á heilanum.



Pilla gegn fíkninni

TILRAUNIR MEÐ „HÆTTU AÐ REYKJA“-PILLU ÞYKJA LOFA GÓÐU.

Það hljóta að teljast góðar fréttir fyrir tóbaksfíkla að nú skuli glitta í töflu sem slær á tóbaksfíknina. Nýja lyfið, sem kallast Champix, hefur verið prófað á þrjú þúsund manns og þykir árangurinn lofa mjög góðu og það þykir ekki sist merkilegt við þetta nýja lyf að það inniheldur ekki snefil af níkótíni. Nokkuð flókin efnafræðileg útskýring fylgir fréttum af þessu lyfi en í stuttu máli sagt hefur það þau áhrif á fólk að tóbaksfíknin á að hverfa eins og dögg fyrir sólu.



Gentle Exfoliating **Deep Cleansing** **Age Defying** **Herbal Cleansing**



Frískandi skrúbbandlitshreinsiklútar. Klútarnir fjarlægja dauðar húðfrumur og hreinsa húðina án þess að þurrka hana. Kjarni úr greipavöxtum frískar upp á húðina og kjarni úr sitrónugrasi tónar og örvar húðina. Klútarnir innihalda einnig B5 próvítamín og kamillukjarna sem gefa húðinni raka og róa hana. Húðsjúkdómfræðilega prófaðar.

Mildir en áhrifaríkir andlitsdjúphreinsiklútar sem fjarlægja andlitsfarða og eru góðir fyrir húðina. Náttúrulegir ávaxtakjarnar (AHA) djúphreinsa húðina, B5 próvítamín vernda hana og næra og Kamillukjarni róar húðina. Klútarnir innihalda enga olíu og stífla þar af leiðandi ekki svitaholurnar. Ofnæmisprófaðir.

Andlitshreinsiklútar sem innihalda sérstaka blöndu af andoxunarefnum til þess að hægja á öldrun húðarinnar: Coensím Q10, beta glucan, vinberjakjarna-olía, kjarni úr grænu te og E vítamín. Sæt mündluolía og B5 próvítamín gefa húðinni raka og vernda hana. Klútarnir eru mildir en áhrifaríkir og henta sérstaklega til hreinsunar á augnfarða.

Andlitshreinsiklútar sem innihalda blöndu af lækningajurtum og vítamín-um til þess að hreinsa, fjarlægja farða og vernda húðina. B5 próvítamín verndar og gefur húðinni raka, kamillukjarni róar hana. Húðin verður fersk og heilbrigð útlits. Ofnæmisprófaðir.

cu2 **Fást í öllum helstu apótekum landsins** **Dr. Fischer**

JURTA APOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR



Jurtir til að hressa uppá sál og líkama.

Opið: Virka daga 10-18
Laugardaga 11-14

Laugavegi 2 - 101 Reykjavík
Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is



Skipulagsnefnd Álfтанess Almennur kynningarfundur um endurskoðun aðalskipulags Álfтанess

Til kynningar verður tillaga að
aðalskipulagi Álfтанess 2005-2024

Með vísan til 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með boðað til almenns kynningarfundar um tillögu að aðalskipulagi Álfтанess 2005-2024. Kynnt verða markmið og forsendur aðalskipulagstillögunnar, stefnumörkun og skipulagsákvæði tillögunnar, tillaga að umhverfisskýrslu, landnotkunaruppdrætti o.fl. Eftir kynningu skipulagstillögu verður tillagan tekin til formlegrar umræðu í bæjarstjórn Álfтанess á grundvelli 18. gr. skipulags- og byggingarlaga og auglýst í kjölfarið.

Brýnt er fyrir almenningi og öðrum hagsmunaaðilum að í aðalskipulagi er mótuð stefna sem mun að öllum líkindum hafa áhrif á líf þeirra á einhvern hátt. Með þátttöku sinni getur fólk haft áhrif á mótun tillagna og framtíð sveitarfélagsins síns.

Fundurinn verður haldinn í íþróttasal íþróttamiðstöðvar Álfтанess fimmtudaginn 10. mars 2005 kl. 20:30. Íbúar Álfтанess og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að mæta.

Fyrir hönd skipulagsnefndar Álfтанess
Gunnar Valur Gíslason, bæjarstjóri

Læknafélag Reykjavíkur

Almennur félagsfundur verður haldinn í Læknafélagi Reykjavíkur þriðjudaginn 8. mars kl. 20.00 í húsnæði Læknafélaganna við Hlíðasmára.

Fundarefni:

1. Er grundvöllur fyrir samkeppni innan heilbrigðisþjónustunnar?
2. Tilnefning fulltrúa á aðalfund Læknafélags Íslands
3. Önnur mál

TIL SÖLU

Skrifstofuhúsgögn til sölu Af sérstökum ástæðum eru til sölu mjög vel með farin skrifstofuhúsgögn, framleidd af Á. Guðmundssyni úr ljósgrárri eik.

Um er að ræða 4 stór skrifborð og skjalaskápar fyrir 4 skrifstofur, 8 manna fundarborð, 14 stólar, afgreiðsluskenkur, 2 teikningaskápar og 1 prentaraborð. Selst allt á 250 þúsund.

Upplýsingar í síma 695 6413.

NORÐLINGAHOLT EINBÝLISHÚSALÓÐ

Hef til sölu einbýlishúsalóð á góðum stað í Norðlingaholtinu við útivistarsvæði. Byggingaréttur fyrir ca 250 fm hús. Tilboð óskast. Nánari upplýsingar veitir Guðrún í síma 690 7060.

RE/MAX Kópavogi
Guðmundur Þórðarson löggr. fasteignasali



Sýslumaðurinn á Húsavík

UPPBOÐ

Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:

Aðalbraut 57, Raufarhöfn, þingl. eig. Angela Ragnarsdóttir, gerðarbeiðandi Sparisjóður Hafnarfjarðar, mánudaginn 14. mars 2005 kl. 10:00.

Austurtröð 4, Kópaskeri, söluskáli, þingl. eig. Rústir ehf, gerðarbeiðandi Sparisjóður Þórshafnar og nágr, mánudaginn 14. mars 2005 kl. 10:00.

Bakkavegur 2, Þórshöfn, þingl. eig. Sigurður Ómar Jakobsson, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 14. mars 2005 kl. 10:00.

Duggugerði 9, Kópaskeri, þingl. eig. Kristjana Erna Helgadóttir og Eyþór Margeirsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 14. mars 2005 kl. 10:00.

Eingarhluti gerðarþola í Syðri-Bakka, Kelduneshreppi, þingl. eig. Stefán Þóroddsson, gerðarbeiðendur Edda – útgáfa hf og Vífilfell hf, mánudaginn 14. mars 2005 kl. 10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Grímsstöðum 2, Skútustaðahreppi, þingl. eig. Kjartan Þ Sigurðsson, gerðarbeiðandi Áburðarverksmiðjan hf, mánudaginn 14. mars 2005 kl. 10:00.

Garðarsbraut 39, 0201, Húsavík, þingl. eig. Valgerður Kristjánsdóttir og Sigurður Jóhannsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Olfuverslun Íslands hf, mánudaginn 14. mars 2005 kl. 10:00.

Geiteyjarströnd I, Skútustaðahreppi, þingl. eig. Héðinn Sverrisson, gerðarbeiðandi Kaupþing Búnaðarbanki hf, mánudaginn 14. mars 2005 kl. 10:00.

Héðinsbraut 7, Húsavík, þingl. eig. Ingibjörg Gísladóttir og Sigtryggur Björnsson, gerðarbeiðandi Aðalsteinn Skarphéðinsson, mánudaginn 14. mars 2005 kl. 10:00.

Röndin 13, 0103, Kópaskeri, þingl. eig. Rústir ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf., mánudaginn 14. mars 2005 kl. 10:00.

Pórey PH-303, skipaskrárnúmer 6664, þingl. eig. Stefán Þóroddsson, gerðarbeiðandi Byggðastofnun, mánudaginn 14. mars 2005 kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
4. mars 2005.



Höfðatorg – Reykjavík Trésmiðir – Verktakar – Byggingarverkamenn

Við leitum eftir metnaðarfullum einstaklingum og hópum við uppsteypu og byggingu einnar stærstu einkaframkvæmdar í sögu Reykjavíkur.

Gert er ráð fyrir að verkefnið taki u.þ.b. þrjú ár.

Upplýsingar á skrifstofu Eyktar Lynghálsi 4, sími 595-4400.

Verkefnisstjóri: Kristján gsm 822-4407.
Verkstjóri: Baldvin gsm 822-44-31.

Óskum að ráða til starfa:

Verkamenn á Reykjavíkursvæðið

Upplýsingar um störf og
umsóknareyðublöð á skrifstofu
ÍSTAKS, Engjateigi 7
og í síma 530 2700
á skrifstofutíma kl. 8:15 - 17
www.istak.is

ÍSTAK

BARNASMIÐJAN

Í Grafarvoginum auglýsir eftir 3 starfsmönnum:

- Tveimur á járn- og trésmiðaverkstæði, við framleiðslu leiktækja.
- Einum í verslun/heildverslun við sölumennsku.

Við auglýsum eftir framsæknu og duglegu fólki.
Reyklaus vinnustaður.

Áhugasamir sendi inn upplýsingur um fyrri störf og menntun á tölvupósti: barnasmidjan@barnasmidjan.is

Ertu að leita að góðum starfsmanni?

Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja sérblöð bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauklýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

En hverjir fá blöðin?

Við leitum svara í fjölmiðla- og neyslukönnunum Gallups. Fjölmiðlakannanir Gallups eru gerðar í samvinnu við alla stærstu miðla landsins, Samtök auglýsenda og Samtök íslenskra auglýsingastofa, og eru viðurkenndar af þeim sem eina rétta aðferðin til að bera saman fjölmiðlanotkun landsmanna. Kannanirnar eru kynntar á heimasíðu Gallups sem niðurstöður en ekki túlkun.

Nokkrar niðurstöður:

1) 95% heimila í Reykjavík og í nágrenni fá Fréttablaðið heim til sín á morgnana, sem þýðir að 95% þeirra eru í atvinnuleit fá atvinnublað Fréttablaðsins heim til sín á sunnudögum.

2) 48% heimila á sama svæði eru með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 52% þeirra eru á aldrinum 12-80 ára í atvinnuleit þurfa að fara út í búð og ná sér í Moggann ef þeir vilja skoða atvinnublaðið sem honum fylgir.

3) 72% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára búa á heimilum sem **EKKI** eru með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 72% landsmanna á aldrinum 20-40 ára sem eru í atvinnuleit ára þurfa að fara út í búð ef þeir vilja skoða atvinnublað Morgunblaðsins á sunnudögum.

4) Ungt fólk er í langflestum tilfellum markhópur atvinnuauklýsinga og svona les það sunnudagsblöðin, samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallups í október síðastliðnum:

Lesur sunnudagsblaða, allir	18-34 ára	20-40 ára	18-49 ára
Sunnudagsblað Fréttablaðsins	60,1%	60,3%	63,4%
Sunnudagsblað Morgunblaðsins	32,5%	35,5%	42,9%
Styrkur Fbl. umfram Mbl.	84,9%	69,6%	47,9%
Lesur sunnudagsblaða, konur	18-34 ára	20-40 ára	18-49 ára
Sunnudagsblað Fréttablaðsins	61,4%	60,1%	62,0%
Sunnudagsblað Morgunblaðsins	26,4%	31,6%	41,1%
Styrkur Fbl. umfram Mbl.	116,5%	96,0%	61,0%

65% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára **fletta ekki** sunnudagsblaði Morgunblaðsins **né heldur** 72% kvenna undir 35 ára aldri, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.

Tvær spurningar:

Hversu sennilegt er að fólk í atvinnuleit lesi ekki atvinnuauklýsingarnar í Fréttablaðinu (95% þeirra fá blaðið)?

Er ekki kominn tími til að laga birtingar á atvinnuauklýsingum að nýjum veruleika á blaðamarkaði eins og öll stærstu fyrirtækin í landinu hafa gert með sínar venjubundnu auglýsingar?

Bætt láns hæfi hjá Landsbanka

Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's sendi í gær frá sér nýtt mat á Landsbankanum. Moody's hækkaði láns hæfismat bankans vegna langtímaskulda og innlána. Áður var Landsbankinn í flokknum A3 en er nú í A2.

Moody's staðfesti einnig fyrra mat sitt á fjárhagslegum styrk Landsbankans en telur að ekki séu líkur á að sú flokkun breytist í bráð. Áður hafði

Moody's talið líklegt að það mat yrði einnig hækkað.

„Moody's staðfestir það sem við þegar vissum, að undirliggjandi rekstur bankans er mjög traustur. Bætt láns hæfismat þýðir að fjármögnun bankans verður auðveldari og á betri kjörum, sem í fyllingu tímans mun skila viðskiptavinum okkar betri þjónustu á betri kjörum,“ segir Sigurjón Þ. Árnason bankastjóri. - þk

Samherji hagnast

Hagnaður Samherja í fyrra var 2.914 milljónir króna. Þetta er næstum því þrefalt meiri hagnaður en árið 2003, þegar rekstrar-afgangurinn var 1.067 milljónir króna.

Greiningardeildir bankanna voru nokkuð nærri sanni í spám sínum. Í Vegvísi greiningardeild-**SPÁR UM HAGNAÐ SAMHERJA ÁRIÐ 2004***

KB banki	3.025
Íslandsbanki	3.021
Landsbankinn	2.845

* í milljónum króna

ar Landsbankans í gær kom fram að framlegð í rekstrinum væri lægri en búist var við en stór hluti hagnaðarins er vegna fjármagnsliða.

Í tilkynningu frá stjórnendum félagsins í gær kemur fram að þeir séu ekki bjartsýnir um afkomuna á þessu ári, meðal annars vegna hás gengis íslensku krónunnar. Þessi svartsýni sést einnig í spá greiningardeildanna, sem spá því að hagnaður Samherja verði miklum mun minni í ár en á árinu 2004. - þk



Aðalfundur 2005
Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar verður haldinn föstudaginn 11. mars 2005 í Sunnusal, Radisson SAS Hótel Sögu, Reykjavík, kl. 16:00.

DAGSKRÁ

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins þannig að stjórn skipi fimm menn í stað sjö og að kosnir verði tveir varamenn. Þá verða ákvæði um skoðunarmann felld niður.
3. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Reikningar félagsins og tillögur liggja frammi á aðalskrifstofu hluthöfum til sýnis en verða síðan afhent ásamt fundargögnum til hluthafa á fundarstað.

TM TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

300 manns
eru að tala saman núna!
einkamal.is

5

Stórglæsilegir skattfrjálsir vinningar:

Honda jazz vinningar í mars



Drögum í dag

Ragnhildur Steinunn og faðir hennar Jón Þór:
„Við höfum séð hvað lítið framlag getur kveikt mikla hamingju“

Veldu þér vinningsnúmer í síma
552 2150 eða á **www.sibs.is**

Láttu reyna á heppnina
- þú gætir unnið milljónir í verðlaun fyrir að styðja lífsnauðsynlega uppbyggingu að Reykjalundi

Vertu með
- þú veist aldrei hvenær röðin kemur að þér



Nú getur þú keypt mánaðarmiða við kassann í Hagkaupum



22 Honda Jazz bifreiðar

léttleikandi, fjölnotabifreið, tilbúin á götuna - skattfrjáls. Skoðuðu Honda Jazz hjá Bernhard, Vatnagörðum

2005

3.750 Kjarvalsbækur



Hálfur milljarður í pottinum

33.296 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 900 kr.



HAPPDRÆTTI



...fyrir lífið sjálft

SIMONE DE BEAUVOIR
(1908-1986)

„Konur fæðast ekki sem slíkar,
þær eru búnar til.“

Franski heimspekingurinn Simone de Beauvoir hefur haft mikil áhrif á kenningar feminisma, ekki síst með bók sinni *Hitt kynið eða Le deuxième sexe*, þar sem hún heldur því fram að staða kvenna sé tilbúið ástand en stafi ekki af eðlisbundnum eiginleikum þeirra.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

8. mars verður baráttudagur kvenna

Árið 1917 var 8. mars gerður að alþjóðabaráttudegi kvenna. Meðal þeirra sem helga konum þennan dag eru Sameinuðu þjóðirnar og V-dagurinn, samtök gegn ofbeldi á konum. Hinn 28. febrúar 1909 stóð Sósíalístaflakkur Bandaríkjanna fyrir fyrsta baráttudegi kvenna þar í landi. Ári seinna hittist alþjóðadeild sósíalista í Kaupmannahöfn og ákvað að stofna til sérstaks kvennadags sem átti að stuðla að auknum réttindum kvenna. Deginum var þó ekki valin ákveðin dagsetning. Hinn 19. mars árið 1911 var alþjóðabaráttudagur kvenna haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti víðs vegar um Evrópu, þar á meðal í Þýskalandi, Austurríki, Danmörku og Sviss. Milljónir kvenna og karla söfnuðust saman í borgum Evrópu og kröfðust þess að konur fengju kosningarétt og rétt til kjörgengis. Þýskar

konur völdu dagsetninguna því á þeim degi árið 1848 hafði Prússakonungur lofað þeim kosningarétti en ekki efnt heit sitt. Síðasta sunnudaginn í febrúar árið 1913 héldu rússneskar konur upp á alþjóðabaráttudag kvenna í fyrsta skipti. Árið 1917, þegar tvær milljónir Rússa höfðu týnt lífi í fyrri heimsstyrjöldinni, ákváðu rússneskar konur að fara í verkfall á kvennadeginum. Fjórum dögum síðar hafði Rússakeisara verið steypt af stóli og nýja landstjórnin veitt konum kosningarétt. Rússnesku konurnar fóru í verkfall sunnudaginn 23. febrúar samkvæmt júlíanska tímatalinu, sem er 8. mars samkvæmt gregoríska tímatalinu. Allar götur síðan hafa konur og karlar víðs vegar um heiminn komið saman á þessum degi og barist fyrir jafnrétti, réttlæti og friði.



KONUR OG KARLAR KREFJAST JAFNRÉTTIS OG FRÍÐAR

TÍMAMÓT: FIMMTÁN ÁR LIÐIN FRÁ STOFNUN STÍGAMÓTA

Mikil vakning átt sér stað

„Ég man hvað fólki var brugðið þegar við byrjuðum að birta árskýrslurnar, því á þessum tíma höfðu fáir hugmynd um hversu umfangsmikið vandamál kynferðisofbeldi er,“ segir Guðrún Sigríður Jónsdóttir, frumkvöðullinn að stofnun Stígamóta, miðstöðvar fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis.

Guðrún kenndi félagsráðgjöf við Háskóla Íslands um miðjan níunda áratuginn þegar hún fór að afla sér gagna um nauðganir og kynferðisofbeldi. „Ég hafði óljósa vitund um að það væri ekki allt slétt og fellt í þessum málum,“ minnst hún. Í kjölfarið stofnaði hún ásamt öðrum sjálfboðaliðum hóp til að vekja athygli á og skapa



GUÐRÚN SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR Frumkvöðullinn að stofnun Stígamóta segir umfang kynferðisofbeldis hafa komið sér og öðrum á óvart.



GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR YNGRI Guðrún segir að mikið starf sé óunnið, sérstaklega hvað varði réttarþætur þolenda.

SÓLSTEINAR
10-40% afsláttur
af legsteinum þessa viku

Kársnesbraut 98 • Kópavogi
564 4566 • www.solsteinar.is

úræði við kynferðisofbeldi. „Við vorum með opna símatíma í eina viku þar sem við hövttum konur til að hringja inn. Það er skemmst frá því að segja að allar símalínur voru rauðglóandi og eftir það varð ekki aftur snúið. Við stofnuðum sjálfshjálparhópa, sem sífellt fjölgaði í og það var ljóst að meira þyrfti til. Eftir þrjú ára sjálfboðastarf fengum við styrk frá ríkinu sem við notuðum til að stofna Stígamót.“

Guðrún helgaði sig Stígamótum alfarið frá árinu 1992 þar til hún settist í helgan stein árið 1998. Við forstöðu tók þá alnafna hennar, jafnan kölluð Rúna til aðgreiningar, en hún hafði verið viðloðandi starf Stígamóta frá upphafi.

Síðan Stígamót tóku til starfa hafa þau liðsinnt um 2,6 prósentum íslenskra kvenna og árið 2003 leituðu 500 konur til Stígamóta, þar af um helmingur í fyrsta sinn. Rúna segir að mikil vitundarvakning hafi átt sér stað í þjóðfélaginu og mikið áunnist; fleiri þjónustuþættir verð settir á fót, til dæmis barnahús og neyðarmóttakan. „Það hafa líka verið gerðar ákveðnar réttarþætur en allt of litlar þó og þar er mikið starf óunnið. En ef við setjum þetta í það samhengi að í 1.100 ára sögu þjóðarinnar eru um 20 ár síðan við fórum að tala um kynferðisofbeldi, þurfum við ekki að örvænta.“

Í tilefni afmælisins verður opið hús í Stígamótum klukkan 14 til 16 í dag. „Við ætlum meðal annars að opna listasýningu,“ segir Rúna. „Sex myndlistakonur hafa unnið hér baki brotnu við að gera húsið sem fallegast og við vonum að sem flestir komi og deili þessari stund með okkur.“ ■



Kæra frændfólk og vinir.
Innilegar þakkir fyrir blýtt og góðar kveðjur vegna andláts okkar ástkæra
Axels Emils Gunnlaugssonar
Sléttuvegi 7.

Sérstakar þakkir fá allir sem önnuðust hann í veikindunum.

Hannes, Patrekur og Jónína Sif,

Jóhanna Nielson, Gunnlaugur Guðmundsson, Theódóra Gunnlaugsdóttir, Tryggvi Ólafsson, Guðmundur Gunnlaugsson, Sigríður Björnsdóttir, Margrét Gunnlaugsdóttir, Sveinbjörn Jóhannsson, Sif Gunnlaugsdóttir og frændsystkyni.



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Jón Guðmann Bjarnason

Hrafnistu í Reykjavík, áður til heimilis í Efstasundi 47,

sem lést 26. febrúar, verður jarðsönginn frá Áskirkju fimmtudaginn 10. mars kl. 15.00.

Anna Björg Jónsdóttir,
Bjarni Þór Jónsson, Margrét Jørgensen,
Guðbjörn Jónsson, Fanný M. Clausen,
Margrét Jónsdóttir, Gunnar M. Andrésson,
afa- og langafabörn.



Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð, vináttu og blýbug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdafaður, afa og langafa
Jóns Valdimars Kristjánssonar
frá Stöðvarfirði,

Borghildur Gísladóttir
Arnbjörn Jónsson
Kristján Grétar Jónsson
Ingunn Sóley Jónsdóttir
Þórunn Heiðar Jónsson
afabörn og langafabörn

Helga Karlsdóttir
Þórdís Guðjónsdóttir
Árni Guðbjartsson
Guðbjörg Ingólfsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,
Aðalheiður Ósk Jónsdóttir
Aðalgötu 1, Keflavík,

verður jarðsöngin frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 9. mars kl. 14.00.

Ólafur Ingvi Kristjánsson, Garðar Ólafsson, Inga Ósk Ólafsdóttir,
Gissur Hans Þórðarson, Heiða Ósk Garðarsdóttir, Ólafur Ingvi Hansson og Brynjar Þór Hansson.



Ástkær móðir okkar,
Margrét Jónsdóttir
Kelduhvammi 16, Hafnarfirði,

andaðist föstudaginn 4. mars sl. Útförin verður auglýst síðar.

Sólveig Margét Magnúsdóttir
Jón Ólver Magnússon
Víðir Þór Magnússon
Björk Magnúsdóttir
og barnabörn.

Stefán Karl Harðarson
Helena Richter
Úlfar Sigurðsson

MERKISATBURÐIR

- 1658 Svár og Danir semja frið sín á milli í Hróarskeldu.
- 1845 Alþingi endurreist með tilskipun konungs eftir rúmlega fjögurra áratuga hlé frá störfum.
- 1930 Mahatma Gandhi byrjar borgaralega óhlýðni á Indlandi.
- 1944 Frumvarp til laga um stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland samþykkt á Alþingi.
- 1950 Sovétríkin kunngjöra að þau hafi þróað kjarnorkuvopn.
- 1957 Ísraelskt hemámslið dregur sig til baka frá Egyptalandi og Súesskurðurinn er opnaður skipum á ný.
- 1968 Stúdentar mótræla í Varsjá í Póllandi.
- 1974 Charles de Gaulle flugvöllurinn er opnaður í París.
- 1983 Ronald Reagan Bandaríkjaforseti kallar Sovétríkin „hið illa heimsveldi“.
- 1983 Lög um þjóðsöng Íslands, Lofsöng, staðfest.

AFMÆLI

Valdís Bjarnadóttir arkitekt er 59 ára í dag.



Davíð Logi Sigurðsson blaðamaður er 33 ára í dag.

ANDLÁT

Aðalbjörg Valentínusdóttir, frá Hömrum, Reykholtisdal, Garðvangi, Garði, lést föstudaginn 4. mars.

Margrét Jónsdóttir, Kelduhvammí 16, Hafnarfirði, lést föstudaginn 4. mars.

JARÐARFARIR

13.00 **Kristín Kristjánsdóttir**, Háabarði 10, Hafnarfirði, verður jarðsungen frá Hafnarjarðarkirkju.

13.00 **Oddbjörg Sigurðardóttir**, hjúkunarheimilinu Eir, verður jarðsungen frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

13.30 **Sigríður Kristbjörg Matthíasdóttir**, Viðilundi 24, Akureyri, verður jarðsungen frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Gísli Teitur Kristinnsson**, vélstjóri, Suðurgötu 43, Akranesi, verður jarðsungeninn frá Akranesirkirkju.

15.00 **Sigríður Sólveig Runólfssdóttir**, Sunnubraut 48, Kópavogi, verður jarðsungeninn frá Kópavogskirkju.



Bíll ársins



Hyundai Tucson
Verð frá kr. 2.390.000



Hyundai Tucson CRDi-Dísel, sjálfskiptur.
Þú eignast hann fyrir kr. 2.750.000
Bílasamningur kr. 36.800 á mánuði.
m.v. 10% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

B & L **Grjóthálsi 1** **575 1200** **www.bl.is**

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílaskrá Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjavíkur sími 421 4444
Bifreiðaverkstæði Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bifreiðaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436



Með bílinn handa þér

*Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 10% útborgun. Greiðum út þann gamla 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.

Bíll á mynd: Hyundai Tucson 2.0 dísel, 18" alufélag, 160 km/h, 170 km/h, 180 km/h, 190 km/h, 200 km/h, 210 km/h, 220 km/h, 230 km/h, 240 km/h, 250 km/h, 260 km/h, 270 km/h, 280 km/h, 290 km/h, 300 km/h, 310 km/h, 320 km/h, 330 km/h, 340 km/h, 350 km/h, 360 km/h, 370 km/h, 380 km/h, 390 km/h, 400 km/h, 410 km/h, 420 km/h, 430 km/h, 440 km/h, 450 km/h, 460 km/h, 470 km/h, 480 km/h, 490 km/h, 500 km/h, 510 km/h, 520 km/h, 530 km/h, 540 km/h, 550 km/h, 560 km/h, 570 km/h, 580 km/h, 590 km/h, 600 km/h, 610 km/h, 620 km/h, 630 km/h, 640 km/h, 650 km/h, 660 km/h, 670 km/h, 680 km/h, 690 km/h, 700 km/h, 710 km/h, 720 km/h, 730 km/h, 740 km/h, 750 km/h, 760 km/h, 770 km/h, 780 km/h, 790 km/h, 800 km/h, 810 km/h, 820 km/h, 830 km/h, 840 km/h, 850 km/h, 860 km/h, 870 km/h, 880 km/h, 890 km/h, 900 km/h, 910 km/h, 920 km/h, 930 km/h, 940 km/h, 950 km/h, 960 km/h, 970 km/h, 980 km/h, 990 km/h, 1000 km/h

Nú getur þú sent SMS úr heimasíma

Stundum er betra að senda SMS!



SMS heimasími

Léttkaupsútborgun:
980 kr.
og 750 kr. á mánn. í 12 mánn.

Panasonic KX-TCD300

Tíðsverð: 9.980 kr.
Tilboð í vefverslun: 8.980 kr.
siminn.is/vefverslun

25% afsláttur úr heimasíma í 6 númer

Skráðu þig á siminn.is

Ekki þarf að greiða fyrir SMS sendingar úr heimasíma til 1. apríl 2005

Hægt er að senda og taka á móti SMS. Númerabirting fyrir allt að 30 númer. Símaskrá fyrir 200 símanúmer og nöfn. Innbyggður hátalari fyrir handfrjálsa notkun. Dagsetning og tími og raddstýring á 20 númerum.



800 7000 - siminn.is

ÚR ÍPRÓTTAHEIMINUM

Dallas Mavericks sló eigið met á leiktíðinni í fyrrið er liðið mætti Houston Rockets í NBA-körfuboltanum. Metið var þó í vafasamari kantinum því Mavericks skoraði aðeins 69 stig gegn 90 stigum Rockets og er þetta lægsta stigaskor liðsins í vetur. Mavericks saknaði **Dirk Nowitzki** og **Michael Finley** sem báðir eru meiddir. „Það hjálpar þegar 40 stig sitja í jakkaftum á bekknum,” sagði **Tracy McGrady**, leikmaður Rockets, sem var stigahæstur á vellinum með 32 stig, 10 fráköst og 5 stoðsendingar.



Gary Neville og **Louis Saha** munu ekki leika með Manchester United er liðið mætir AC Milan í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu á San Siro-leikvanginum í kvöld. Báðir eiga við meiðslu að stríða og sjá sér ekki fært að leggja United lið í seinni viðureigninni við Milan, sem hefur unnið níu heimaleiki í röð.

Rubens **Barrichello**, ökuþór hjá Ferrari í Formúlu 1 kappakstrinum, varar fólk við að afskrifa liðið þrátt fyrir slaka byrjun **Michael Schumacher** á nýhöfnu keppnistímabili á mótinu í Melbourne sem fram fór um helgina. „Við erum komnir til að berjast. Ég naut hverrar sekúndu og þegar ný Ferrari-bíllinn kemur verður enn skemmtilegra hjá okkur,” sagði **Barrichello**, sem hafnaði í 2. sæti. **Schumacher** átti hins vegar aldrei möguleika og lauk keppni þegar 15 hringir voru eftir.



Knattspyrnumaðurinn **Samuel Kuffour** er harðákveðinn að segja skilið við Bayern München í þýsku deildinni þegar samningur hans rennur út í sumar. Efst á óskalista **Kuffour** er enska liðið Arsenal. „Frúin ólst upp í London og við eigum góða vini þar. Arsenal er því góður kostur,” sagði **Kuffour**.

Fabien **Barthez** hjá franska liðinu Olympique Marseille, fyrrum markvörður Manchester United, þurfti skyndilega að ljúka keppni í leik gegn St. Etienne í frönsku 1. deildinni í fyrradag eftir að hafa verið grýttur af áhorfanda. Varamarkvörður liðsins, **Jeremy Gavanon**, tók stöðu hans en Marseille tapaði leiknum 2-0.

Tiger **Woods** komst um helgina í fyrsta sæti heimslistans þegar hann vann Ford Championship-mótið í golfi sem fram fór í Flórída. **Woods** átti í harðri keppni við **Phil Mickelson** en aðeins eitt högg skildi þá að þegar upp var staðið. „Við vorum í hörkukeppni allan daginn og það var mjög gaman að vera hluti af þessu,” sagði **Woods**.



David **Moyes**, knattspyrnu-stjóri Everton, telur líkur liðsins á að eignast sæti í Meistaradeild Evrópu enn til staðar þrátt fyrir þriðja heimaleikjatatíð í röð um helgina þegar Everton tók á móti Blackburn. „Við erum ánægðir með stöðu okkar,” sagði **Moyes**. „Við höfum átt frábært tímabil en gátum því miður ekki fylgt eftir góðu gengi í síðustu viku og sýnt að sigurinn gegn Aston Villa var engin tilviljun,” sagði **Moyes**, sem er hvergi af baki dottinn en hann hefur gert ótrúlega hluti með lið Everton síðustu ár og margir sem spá þá að hann verði búinn að taka við stærra liði á Englandi áður en langt um liður.

Enska úrvalsdeildin:
Góður sigur hjá Bolton

FÓTBOLTI Bolton Wanderers skellti sér í sjötta sæti ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu í gærkvöld þegar liðið sigraði Manchester City á útivelli, 1-0. Bolton er jafnt Liverpool að stigum en með lakara markahlutfall. Það var senegalski framherjinn El-Hadji Diouf sem skoraði eina mark leiksins á lokamínútu fyrri hálfleiks. Manchester City situr eftir tapið enn í tólfth sæti deildarinnar og hitnar því enn undir stjóra liðsins, Kevin Keegan.

- hbg



Námskeið í Ólympíu

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands auglýsir eftir tveimur þátttakendum, konu og karli, á námskeið ungs íþróttafólks (20 til 35 ára) á vegum Alþjóða Ólympíuakademíunnar í Ólympíu í Grikklandi dagana 27. júlí til 11. ágúst n.k.

Flugferðir og upphald eru þátttakendum að kostnaðarlausu. Leitað er eftir einstaklingum sem náð hafa mjög góðum árangri í íþróttagrein (-greinum) og/eða sinnt kennslu/þjálfun/félagsstörfum innan íþróttahreyfingarinnar, ásamt því að sýna málefnum Ólympíuhreyfingarinnar sérstakan áhuga. Þeir skulu hafa gott vald á ensku og/eða frönsku og vera fyrirmynd annars æskufólks í hvívetna.

Umsóknarfrestur er til 21. mars n.k.

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast á skrifstofu ÍSÍ eða á heimasíðu sambandsins, www.isisport.is

Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri Fræðslusviðs, Andri Stefánsson í síma 514-4000 og einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið: andri@isisport.is

Ólympíuakademían

LJÓSAKÚPLAR Á FRÁBÆRU VERÐI Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Rúpladagar

- 690- UFO - svart
- 690- UFO - króm/svartkróm/Gyllt
- 990- UFO - antik
- 1690- RICARDA - gyllt
- 1690- RICARDA - krómað
- 1690- RICARDA - burstað stál
- 1690- RICARDA - burstað messing
- 1290- UNIVERSAL - gyllt
- 1490- UNIVERSAL - fura
- 1490- UNIVERSAL - eik
- 1495- STORIA - burstað messing
- 990- PLANET - hvítt
- 990- PLANET - hvítt

Allt að 50% afsláttur á öllum öðrum ljósaúplum í verslun.

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

OPÍÐ Á LAUGARDAG: 11 - 17 / SUNNUDAG: 13 - 17

...bara á flugfelag.is

9. - 15. mars

Milli Reykjavíkur og

AKUREYRAR 5.999 kr.

Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

EGILSSTAÐA 6.299 kr.

Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

ÍSAFJARÐAR 5.999 kr.

Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Börn, 2ja-12 ára, í fylgd með fullorðnum,
greiða 1.940 kr. aðra leiðina.

flugfelag.is

STUÐ MILLI STRÍÐA : Staðfesting á ístöðuleysi

PÓRARINN PÓRARINSSON SÉR NÆSTUM ÞVI EKKI EFTIR NEINU



Ég hef gert mörg mistök í gegnum tíðina, tekið fleiri rangar ákvarðanir en ég kæri mig um að muna og oft verið ofboðslega vitur eftir á. Afglöp mín eru þó ekki alvarlegri en svo að ég geri fastlega ráð fyrir að ég myndi endurtaka þau flest enda eru það fyrst og fremst feilsporin og dómgreindarrestirnir sem hafa gert líf mitt þess virði að lifa því.

Það er aðeins eitt sem ég vildi að ég hefði aldrei gert og ef ég fengi annað tækifæri myndi ég ekki ferma mig.

Ég þáði á sínum tíma lífsins kórónu af umboðsmanni guðs þó ég væri fullviss um að það væri enginn guð á himnum og að ekkert nema dauðinn myndi taka við af lífinu. Sannfæring mín þegar ég var 13 ára var þó ekki sterkari en svo að ég seldi hana fyrir eingreiðslu í peningum og veraldlegu drasli. Mér var sagt að með þessu væri ég að staðfesta skírinnina en eftir á að hyggja fæ ég ekki betur séð en að ég hafi ekki staðfest neitt annað en eigið ístöðuleysi með því að fara á hnén og játa trú sem ég hafði á barnsaldri snúið baki við.

Enn þann dag í dag líður mér eins og saklausum manni sem hefur skrifað undir falska játningu þegar ég leiði hugann að fermingardeginn.

um. Smánarbletti á ævisögu minni. Það sannar svo enn og aftur ístöðuleysi mitt að ég hef engu skyri slett vegna þessa en hef reynt að gera yfirlit með því að skrá mig í Ásatrúarfélagið og láta þannig sóknargjöld mín renna til félags sem stendur vörð um trú sem er miklu fellegrri en kristnin.

Draslið sem ég keypti fyrir fermingarsilfurpeningana mína er löngu orðið að dufti og ég á ekkert eftir nema nagandi samviskubitið en fel mig á bak við það að ég var vélaður og reyni að koma skömminni yfir á þá sem láta börn svara grundvallarspurningum um mannlega tilveru og kreysta játninguna fram með mútum, hópþrýstingi og auglýsingaskrumi. ■

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



HÁSKÓLABÍÓ ER ÓSKARSVERÐLAUNABÍÓIÐ.

HEIMSINS STÆRSTI SÖNGLEIKUR BIRTIST NÚ Á HVÍTA TJALDINU Í FYRSTA SINNI!
TILNEFND TIL 3 ÓSKARSVERÐLAUNA

The PHANTOM of the OPERA
Með Íslandsvininum, Gerard Butler (Bjólfskviða), Emmy Rossum (Mystic River), Miranda Richardson og Minnie Driver í mynd eftir Joel Schumacher. Byggt á söngleik Andrew Lloyd Webber.

Sýnd kl. 6 og 9

MILLION DOLLAR BABY
Besta mynd ársins Besti Leikstjóri - Clint Eastwood Besta Leikkona - Hillary Swank Besti Leikari í aukahlutverki - Morgan Freeman

★★★★ - kvikmyndir.com
★★★★ - H.J., MBL
★★★★ - V.E., DV

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 **b.i. 14**

LES CHORISTES
KÓRINN

Sýnd kl. 6 og 8

THE AVIATOR

Sýnd kl. 6 og 9.10 **b.i. 12**

THE AVIATOR
Sýnd kl. 5.30, 8.30 & 10 **b.i. 12**

SMÁRA BÍÓ

2 vikur á toppnum í Bandaríkjunum!

WILL SMITH
HITCH
Will Smith og Kevin James (King of Queens) í skemmtilegustu gamanmynd ársins!
★★★★ JHH kvikmyndir.com

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30
Í LÚXUS kl. 5.30, 8 og 10.30

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI

GRIMMAN 2
ATH! GÆTI HUGSANALEGA VAKIÐ ÖTTA UNGRA BARNNA

Sýnd kl. 4 og 6 **m.isl.tali**
Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 **m. ensku tali**
FRÁ FRAMLEIÐANDA TRAINING DAY

Sýnd kl. 10 **B.i. 16 ára**

CLOSER
★★★★ Ö.Ö.H. DV
Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 **B.i. 14 ára**

Sýnd kl. 3.50 og 8

www.smarabio.is

FRÁBÆR SKEMMTUN

SAMBÍÓIN

KEANU REEVES
★★★★ DV
★★★★ MBL

CONSTANTINE
HELVÍTI VILL HANN HIMNARÍKI VILL HANN EKKI JÖRDIN ÞARFNAST HANS

Sýnd kl. 4, 5.30, 8 og 10.30 **B.i. 16**
Sýnd í LÚXUS VIP kl. 8 & 10.30

THE PHANTOM of the OPERA
TILNEFND TIL 3 ÓSKARSVERÐLAUNA

Sýnd kl. 8 og 10 **B.i. 16**
Sýnd í LÚXUS VIP kl. 5

THE INCREDIBLES
Sýnd kl. 3.45 og 6.30 **m.isl.tali**
LEMONY SNICKETT'S kl. 4 og 6
THE INCREDIBLES kl. 3.45 & 6 **m.isl.tali**

Meeting Fockers
Sýnd kl. 3.45, 6, 8.15 og 10.30 **B.i. 16**
WHITE NOISE kl. 8 **B.i. 16**
TEAM AMERICA kl. 8.15 og 10.30 **B.i. 14**

ALFABANKI 387 8900 www.sambioin.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Britney Spears vill ólm koma fram í Las Vegas. Hún segist setja stefnuna á Vegas um leið og hún verði móðir og þá geti aðdáendur hennar komið þangað til að sjá hana. Stjórnur eins og Celine Dion hafa komið fram á sýningum í Caesar's Palace. „Mig langar að setja upp sýningu í Vegas eins og Celine Dion. Allir koma þangað til þess að sjá hana. Þetta ætla ég að gera þegar ég eignast börn,“ sagði Spears.

Jennifer Lopez og maðurinn hennar **Marc Anthony** hafa keypt heimili í Bel Air. Húsið, sem er í Toskanastíl, inniheldur fimm svefnherbergi og baðherbergi, öryggisgæslu allan sólarhringinn og sundlaug. Skötu hjúin eiga einnig heimili í Miami og New York.



OASIS Hljómsveitin Oasis gefur út sína sjöttu hljóðversplötu 30. maí.

Lyla fyrsta smáskífulagið

Fyrsta smáskífulag nýjstu plötu bresku sveitarinnar Oasis nefnist Lyla og er væntanlegt 16. maí. Plötunnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu en hún er sú sjötta frá sveitinni og nefnist Don't Believe the Truth. Kemur hún í búið tveimur vikum eftir útgáfu smáskífunnar. „Við sömdum 66 lög og Lyla var eitt af þeim sem við skoðuðum aftur eftir smá bið og ákváðum að setja á plötuna,“ sagði Noel Gallagher, forspraki Oasis. „Ég er hæstánægður með hvert einasta lag á plötunni.“ Síðasta plata Oasis hét Heathen Chemistry og kom hún út fyrir þremur árum. Til að fylgja nýju plötunni eftir fer sveitin í tónleikaferð um Bretland og mun meðal annars spila á sjö íþróttaleikvöngum. Seldist upp á tónleikana á örskotsstundu. ■

UPPISTAND

Izzard lendir í dag

Breski grínistinn Eddie Izzard, sem verður með uppistand á Broadway á miðvikudags- og fimmtudagskvöld, lendir hér á landi í dag. Búið er að panta borð á einum besta sjávarréttastað bæjarins fyrir hann og eftir það er stefnan tekin á einhver vel valin öldurhús. Á morgun mun Izzard halda blaðamannafund og segja kunnugir að slíkir fundir með honum séu engu líkir og endi yfirleitt þannig að þeir jafnist á við besta uppistand. Izzard ætlar einnig að sprella með Strákunum á Stöð 2 en Pétur Jóhann Sigfússon hitar einmitt upp fyrir Izzard á báðum sýningum hans ásamt Þorsteini Guðmundssyni. Á fimmtudag fer Izzard í ævintýraferð út á land með snjósléðakstri og fleiru. Stephan Stephensen úr hljómsveitinni Gusgus verður leiðsögumaður og á meðal ferðafélaga Izzards verða þeir Þorsteinn og Pétur Jóhann. Verð-



EDDIE IZZARD Breski grínistinn ætlar í ævintýraferð um Ísland á milli þess sem hann skemmtir landanum með uppistandi sínu. ur því um sannkallaða grínistaferð að ræða. ■

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

Ný námsbraut í dansi í samstarfi við Íslenska dansflokkinn.

Umsóknarfrestur í námið er 14. mars. Inntökupróf fara fram 20. - 21. mars.

Nánari upplýsingar og rafræna umsókn er að finna á heimasíðu skólans www.lhi.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kelly Osbourne verður að venja sig af breska hreimnum vilji hún leika hlutverk Tracy Turnblad í Broadway-útgáfunni af Hairspray. Stjórnandi sýningarinnar, Marc Shaiman, segir Kelly hafa gleymt sér aðeins þegar hún sagði fjölmiðlum að hún myndi leika Tracy. „Hún hefur ekki einu sinni farið í prufu ennþá og ef hún kemur í prufu get ég ekki beðið eftir að sjá hvort hún geti eitthvað,“ sagði hann.

George Clooney hefur reitt heimamanninn í bæ á Ítalíu til reiði með tilraunum sínum til þess að kaupa almenningsströnd fyrir framan ítölsku villuna sína. Á síðasta ári var Clooney gerður heiðursíbúi í þorpinu Laglio en nú eru íbúarnir ekki eins ánægðir með hann. „Ströndin er einn af fáum stöðum

þorpsins þar sem hægt er að komast að sjónum,“ sagði Roberto Pozzi þingmaður. **Pink** er hætt með kærasta sínum, Carey Hart, eftir heiftarlegt rífrildi í leigubíl. Þau hafa verið saman í þrjú ár og voru á leið á flugvöllinn þegar þau fóru að rífast. Pink flaug því ein til Ástralíu og hætti við blaðamannafund í Melbourne. „Carey sagði að hann vildi frekar vera heima einn en að vera með henni. Hún brjálaðist,“ sagði heimildarmaður.

Bylgjan 98.9

Ívar Guðmunds
Alla virka daga kl. 9-12

ER BEÐIÐ EFTIR ÞÉR?

einkamal.is

FRÁBÆR SKEMMTUN

SAMBIÓIN

KRINGLAN

KEANU REEVES

★★★★ DV
★★★★ MBI

HELVÍTI VILL HANN
HIMNARIKI VILL HANN EKKI
JÖRÐIN ÞARFNAST HANS

kl. 5.30, 8 & 10.30 **B.i. 16**

Besta mynd ársins
Besti Leikstjóri
- Clint Eastwood
Besta Leikona
- Hilary Swank
Besti Leikari í aukahlutverki
- Morgan Freeman

★★★★ - kvikmyndir.com
★★★★ - H.J., MBL
★★★★ - V.E., DV

MILLION DOLLAR BABY

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 **B.i. 16**

★★★★ kvikmyndir.is

WHITE NOISE

kl. 8 og 10.10 **B.i. 16**

kl. 6 m/isl. tali.

www.sambioin.is

REGNBÖGINN

2 vikur á toppnum í Bandaríkjunum!

Will Smith og Kevin James (King of Queens) í skemmtilegustu gamanmynd ársins!

★★★ JHH Kvikmyndir.com

HITCH

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30

„...það mátti því búast við því að Closer væri góð mynd en hún er gott betur en það.“ ★★★★★ P.P. FBL

★★★★ Ö.Ö.H. DV
★★★★ S.V. MBI

CLOSER

Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15 **B.i. 14**

Hlaut Óskarsverðlaun fyrir besta handrit

★★★★ P.P. FBL

SIDWAYS

„Fullkomlega ómissandi mynd“ S.V. MBL ★★★★★

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 **B.i. 14**

★★★★ - MMJ Kvikmyndir.com ★★★★★ - Ö.H.T. Rás 2

★★★★ S.V. MBI

the SEA INSIDE

Sýnd kl. 5.40

★★★★ NMJ Kvikmyndir.com
★★★★ SV MBI

FINDING NEVERLAND

Sýnd kl. 8 og 10.20

400 kr. í bíó. Gildir á fyrstu sýningu alla virka daga. Ath. Tilboðssýningar eru sérmerktar með rauðu.

SÍMI 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

2 vikur á toppnum í Bandaríkjunum!

Will Smith og Kevin James (King of Queens) í skemmtilegustu gamanmynd ársins!

★★★ JHH Kvikmyndir.com

HITCH

Sýnd kl. 3:45, 5:50, 8 og 10:20

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI!

ATH! GÆTI HUGSANALEGA VAKIÐ ÖTTA UNGRA BARNNA

GRIMAN 2 KOMU GRIMUNNA

Sýnd kl. 4 og 6 með íslensku tali
Sýnd kl. 6, 8 og 10 með ensku tali.

Sýnd kl. 8 og 10:15

Meet the Fockers

Sýnd kl. 4 ATH! 500 kr.

SALTKRÁKU 3

www.laugarasbio.is

SAMKOMUR

V-dagurinn er í dag

„V-dagurinn er haldinn árlega til þess að minna á að ofbeldi gegn konum er til staðar og í of miklum mæli,“ segir Hildur Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri V-dagsins, en í tilefni hans er veigamikil dagskrá í Íslensku óperunni í kvöld. „Eve Ensler er meðal þeirra sem mæta í Óperuna og hún er drottning V-dagsins og stofnandi samtakanna. Það ætti enginn að láta hana framhjá sér fara því þarna er á ferðinni kjarnorkukona og gaman verður að heyra hvað hún hefur um málið að segja.“

Að sögn Hildar fengu V-dags samtökin styrk frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til þess að halda uppi starfsmanni samtakanna og telur hún að það gefi gott fordæmi. V-dagurinn er hápunktur ársins hjá V-dagssamtökunum þó svo að þetta sé alls ekki eini dagurinn sem þau láta í sér heyra. „Við erum alltaf til staðar og alltaf að reyna að finna nýjar og nýjar leiðir til þess að vinna gegn ofbeldi á konum. Við stofnum líka árlega til herferðar gegn nauðgunum og fer sú herferð fram um verslunarmannahelgina.“



HILDUR SVERRISDÓTTIR Hún er framkvæmdastjóri V-dagsins og hefur ásamt stjórn samtakanna sett saman kræsilega dagskrá í Íslensku óperunni í kvöld. Meðal annars mun Eve Ensler, stofnandi samtakanna, stíga á stökk.

Auk Ensler munu Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Ilmur Kristjánsdóttir fara með einleik úr píkusögum, söngkonurnar Ellen Kristjánsdóttir og Lára Rúnarsdóttir skemmta gestum, sýnt verður brot úr heimildarmynd um starf Eve Ensler og fleira kræsilegt verður á boðstólum. Dagskrá kvöldsins hefst klukkan níu en húsið verður opnað klukkan átta. „Sá mikli fjöldi fólks sem mætir á samkomur V-dagsins sýnir að þetta er mörgum hjartans mál,“ segir Hildur. ■

TÓNLIST

Miðasalan fer vel af stað

Miðasala á tónleika rokkseitarinnar Iron Maiden í Egilshöll þann 7. júní fór vel af stað á sunnudag. Þá hófst sala í A-svæði, sem tekur 5.500 manns, og voru örfáir miðar eftir í gær.

Miðasala fyrir B-svæði hófst í gær en þar eru einnig 5.500 miðar í boði. Þetta eru færri miðar en á tónleika Metallica í Egilshöll í fyrra, sem skýrist að nokkru leyti að því að Maiden þarf meira pláss fyrir aftan sviðið fyrir allan sinn útbúnað. Staðfest er að yfir 500 manns komi til landins frá Svíþjóð og Finnlandi og um 200 frá

Bretlandi. Einnig kemur mikið af fjölmiðlafólki frá Evrópu og nokkrir frá Bandaríkjunum. Enn á eftir að ákveða hvaða tvær hljómsveitir muni hita upp fyrir Maiden en upptökur með hinum ýmsu sveitum verða sendar út bráðlega.

Maiden-aðdáendur fá nú að sjá nýja þætti á sjónvarpsstöðinni Discovery klukkan 21.00 á miðvikudögum þar sem söngvarinn Bruce Dickinson er í essinu sínu. Þættirnir snúast um flug, sem er eitt aðaláhugamál Dickinson. Ætlar hann að fljúga með 200 að-



IRON MAIDEN Rokkseitin Iron Maiden virðist enn njóta mikilla vinsælda hér á landi.

dáendur á tónleikana frá Bretlandi í einkaflugvél sem hann flýgur sjálfur til og frá landinu. ■

LEIKARAR

Depp við minningarathöfn

Hollywood-leikararnir Johnny Depp og John Cusack voru á meðal þeirra sem sóttu minningarathöfn á dögunum vegna fráfalls rit höfundarins Hunter S. Thompson.

Aðeins nánustu vinum og vandamönnum var boðið til afhafnarinnar að ósk Thompsons, sem framdi sjálfsvíg fyrir skömmu. Bæði Depp og Cusack komu fram ásamt Thompson í

heimildarmynd um ævi hans sem kom út árið 2003 og nefndist Breakfast with Hunter. Depp lék Thompson einnig árið 1998 í myndinni Fear and Loathing in Las Vegas. ■

Í GÓÐUM GÍR Leikararnir Johnny Depp og Benicio Del Toro í góðum gir ásamt Hunter S. Thompson við frumsýningu Fear and Loathing in Las Vegas.



TERHI

Vatnabátar

www.velasalan.is

Skoðið úrvalið á heimasíðu okkar og tryggjið ykkur bát fyrir sumarið.

VÉLASALAN

Ánanaust 1 - Sími 580 5300
velasalan@velasalan.is

» FASTUR

birta

» PUNKTUR

Renault áreiðanleiki
Renault öryggi
Renault gæði

MEGANE

mest seldi bíll Evrópu

MEGANE SPORT TOURER

21.100

kr. á mán.*

Renault Megane Sport Tourer 5 dyra, 1600 / 16V
115 hestöfl, beinskiptur.
Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,0 ltr/100km
Þú eignast hann fyrir kr. 2.020.000
Bílasamningur kr. 21.100 á mánuði*

LÝSING

Með bílinn handa þér

Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

MEGANE
RENAULT CRÉATEUR D'AUTOMOBILES

VIÐ MÆLUM MEÐ...

EVERWOOD

Sjónvarpið kl. 20.00.

Ævintýri í smábænum

Pátturinn hefur fengið þrjú ólegar viðtökur hér og erlendis.

Í kvöld hefjast sýningar á nýrri 22 þátta sýrpu úr bandarísku þáttaröðinni Everwood, sem er við hæfi allrar fjölskyldunnar. Í þáttunum segir frá heilaskurð-lækninum Andrew Brown, sem er ekkjumaður og fluttist með tvö börn sín frá Manhattan til smábæjarins Everwood í Colorado. Í Everwood ræður íhalds-semin ríkjum á öllum sviðum og þegar læknirinn og börn hans kynnast bæjarbúum gerast ýmis ævintýri en eins koma upp vandamál sem þarf að leysa. Aðalhlutverk leika Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp, Debra Mooney, John Beasley og Vivien Cardone.



Andrew Brown og fjölskylda.

ÚR BIÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning: „I like to keep this handy for close encounters.“

frá árinu 1986. Svör: Hicks úr kvikmyndinni Aliens

TALSTÖÐIN FM 90,9

7.03 Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. 9.03 Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

12.15 Hádegisútarvið – Umsjón: Sigmundur Emir Rúnarsson og Sigurjón M. Egilsson. 13.00 Hrafnabing 14.03 Messufall – Anna Kristine Magnúsdóttir e. 15.03 Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur. 17.59 Á kassanum – Illugi Jökulsson.

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis endurflutt 7.00 Ísland í bítið 9.00 Ivar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalaga hádegi 13.00 Íþróttir Eitt 13.05 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir Stöðvar 2 19.30 Bragi Guðmundsson 22.00 Þórhallur miðill - Lífsaugað.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.30 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.40 Þjóðbrók 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Sáðmenn söngvanna 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfr. 12.50 Auðlind 13.05 Silungurinn 14.03 Útvarpssagan, Saga sonar míns 14.30 Rölt á milli 15.03 Vísindi og fræði 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.26 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.05 Slæðingur 20.15 Á þjóðlegum nótum 21.00 Í hosið 22.15 Lestur Passíusálma 22.21 Lódrétt eða lárétt 23.10 Rökkurk

ÚTVARP SAGA FM 99,4

9.03 ÓLAFUR HANNIBALSSON 10.03 RÓSA INGÓLFSDÓTTIR 11.03 ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

12.25 Meinhomið (endurfl. frá deginum áður) 12.40 MEINHORNÍÐ 13.05 JÖRUNÐUR GUÐMUNDSSON 14.03 KOLBRÚN BERGÞÓRSÓTTIR

15.03 ÓSKAR BERGSSON 16.03 VIÐSKIPTAÞATTURINN 17.05 HEILSUHORN GAUJA LITLA 18.00 Meinhomið (e) 19.40 Endurfl. frá liðnum degi.

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.30 Morgunvaktin 8.30 Einn og hálfur með Gestu Einari Jónassyni 10.03 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Dægurmálaútlarp Rásar 2

18.00 Kvöldfréttir 18.26 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 20.00 Útlarp Samfés 21.00 Konsert 22.10 Rokkland

0.10 Glefsur 1.03 Næturtónar 2.03 Auðlindin

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effem / Zúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp
FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristlegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bitid í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying



19.30, 21.40, 23.30

Íþróttir

Sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu. Leikir Chelsea, Barcelona, AC Milan og Man og United verða í beinni útsendingu.

SÝN

7.00 Olíssport

18.15 David Letterman

19.00 UEFA Champions League Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.

▶ 19.30 UEFA Champions League (16 liða úrslit) Bein útsending frá 16 liða úrslitum. Í leikjum kvöldins mætast eftirtal-in félög: Chelsea – Barcelona, AC Milan – Manchester United og Lyon – Werder Bremen. Þetta eru síðari leikir félaganna. Þar sem Milanóliðin deila leikvangi fer viðureign Inter Milan og Porto fram í næstu viku.

▶ 21.40 UEFA Champions League (16 liða úrslit)

▶ 23.30 UEFA Champions League (16 liða úrslit) 1.10 David Letterman

POPP TÍVI

7.00 Jing Jang 12.00 Íslenski popp listinn (e) 17.00 Jing Jang 18.00 Friða og dýrið (e) 19.00 Crank Yankers 20.00 Gary the Rat 20.30 I Bet You Will 21.00 Real World: San Diego 22.03 Jing Jang 22.40 Idol Extra (e) 23.10 Headliners (e)

MGM

13.05 Day of the Outlaw 14.35 Brannigan 16.25 Shadows on the Wall 18.00 Get Crazy 19.30 Absolution 21.05 Scenes From the Goldmine 22.50 Spring Reunion 0.10 Consuming Passions 1.50 Summer Heat 3.10 Fringe Dwellers

TCM

20.00 Les Girls 21.55 Escape from Fort Bravo 23.30 The Thin Man Goes Home 1.10 The Bad and the Beautiful 3.05 Westward the Women

HALLMARK

12.00 Anastasia: The Mystery of Anna 13.45 Gracie's Choice 15.15 Johnny's Girl 17.00 Touched by an Angel 18.00 Wedding Daze 19.30 Law & Order 20.15 Lives of the Saints 22.00 Getting Out

DR1

12.00 Smagsdommerne 12.40 En kunstners sælsomme værk-er 12.50 Klökktármet 12.55 High 5 13.20 Hunde på job 13.50 Laegens bord 14.20 Når storken svigter 14.50 Nyheder på tegnsprog 15.00 Boogie 15.30 Ungefair 16.00 Vores vilde verden 16.05 Jagten på ilden 16.30 Alt om dyr 17.00 Musen Martha 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Nyhedsmagasinet 18.30 Hvad er det værd? 19.00 Ryd op i dit liv 19.30 Tæt på Dyrene 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Inspector Morse 22.40 OBS 22.45 Mord i fængslet 23.40 Boogie 0.10 Ungefair

SV1

13.30 Kvinnuhúset 15.00 Rapport 15.05 Babyfarsa 15.45 Anslagstavlan 16.00 Zapp me [Sápmi] 16.30 Krokodill 17.00 BollBompa 17.01 Lilla röda traktorn 17.10 Klara färdiga gåt 17.20 Alice från Kina 17.30 Hjärnkortret 18.00 Stalkompisar 18.25 Tracks video 18.30 Rapport 19.00 Uppdrag Granskning 19.55 Glenn the Great Runner 20.00 Orka! Orka! 20.45 24 Nöje 21.00 Debatt 22.00 Rapport 22.10 Kulturmyheterna 22.20 Sverigel 22.50 P.S. 23.20 Sändningar från SVT24



Fermingartilboð

margar gerðir unglingarúma
Verð frá kr. 27.930

Rúmteppi í öllum stærðum og gerðum



Úrval af gjafavöru

Munið gjafakortin



Heilsukoddar



Mán-fös: 10-18, lau: 11-15

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 | Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 | Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954



HRÓSIÐ

... fá Guðmundur Gunnarsson og hans fólk hjá Rafiðnaðarsambandi Íslands fyrir að vilja skoða breytingar á háttíðarhöldunum 1. maí og færa þau nær nútímanum.

1	2	3	4	5
6			7	
8		9		
		10		
	11		12	13
14			15	
16			17	
18				

Lárétt: 1 fer vel með, 6 tímabíla, 7 kyrrið, 8 átt, 9 farfa, 10 uppistaða, 12 beita, 14 kassi, 15 sérhljóðar, 16 góðgæti, 17 reiðihljóð, 18 umgjörð.
Lóðrétt: 1 ráma, 2 karlfugl, 3 skammstöfun, 4 lítil rigning, 5 veiðitæki, 9 fugl, 11 stynja, 13 nag, 14 nár, 17 varðandi.

LAUSN.

17 um.
5 nót, 9 lóð, 11 mása, 13 nart, 14 lík.
Lóðrétt: 1 hása, 2 ara, 3 ga, 4 ýrngrun, 17 um, 18 karn.
10 lón, 12 agn, 14 lár, 15 ua, 16 ís.
Lárétt: 1 hagsýn, 6 ára, 7 ró, 8 sa, 9 lí,

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



Talstöðin
FM 90,9

DÓTAKASSINN

Dótið: Trommukjuðar sem þurfa ekki trommur.

Sem er? Fyrir alla þá sem finnst gaman að tromma út í loftið en hafa kannski ekki áhuga á að hafa stóra trommu í eftirdragi. Í kjuðunum eru hátalarar og þegar þú sveiflar þeim í loftinu heyrst trommuhljómur. Til dæmis geturðu notað kjuðana þegar einhver segir brandara og þú vilt hrósa honum með trommuslætti. Þá þarftu ekki lengur að búa sjálfur til trommuhljóðið heldur sjá kjuðarnir algerlega um það. Hægt er að stilla kjuðana þannig að þeir hljómi eins og venjulegar trommur, rafmagnstrommur eða snerill. Einnig eru ljós á endanum á hverjum kjuða sem kvikna þegar þeim er sveiflað. Er þessi kostur til að mynda upplagður fyrir næturtrömslætt. Falleg laglína fylgir



með kjuðunum sem hægt er að tromma við. Lengd þeirra er 35 cm og fylgja fjórar rafhlöður með.

Gallar? Engin heyrnartól fylgja með kjuðunum, sem gæti valdið einhverjum trommurum vonbrigðum. Engu að síður eru kjuðarnir hannaðir til að allir geti heyrt í þeim því hver vill ekki heyra svona skemmtilegan trommuleik í strætó á leiðinni í skólann eða vinnuna?

Kostar? Kjuðarnir kosta aðeins um 1.500 krónur og fást meðal annars á heimasíðunni iwantoneofthose.com. Sendingarkostnaður hækkar verðið þó eitthvað.

TROMMAD Í LOFTIÐ

Kjuðarnir eru bráðsniðugir enda þurfa þeir ekki að styðjast við trommur.



ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON Þorsteinn vill að nýtt kerfi sem samræmist nútímahugsun verði skapað fyrir úthlutun listamannalauna.

ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON: ÓSÁTTUR VIÐ ÚTHLUTUN LISTAMANNALAUNA

Íslendingar eru ekki bjánar

Rithöfundurinn og grínistinn Þorsteinn Guðmundsson er afar ósáttur við kerfið sem notast er við þegar listamannalaunum er úthlutað einu sinni á ári.

Launinum var úthlutað í síðustu viku og fékk Þorsteinn engan styrk frekar en fyrri daginn þrátt fyrir að hafa verið iðinn við kolann á undanförunum árum.

„Þessi úthlutun síðast var kornið sem fyllti mælinn varðandi mína persónulegu afstöðu til listamannalaunanna,“ segir Þorsteinn. „Ég geri ekki tillit til neinna peninga eða viðurkenninga. Ég er bara orðinn langþreyttur á ástandinu og þessu kerfi sem við þurfum

ad búa við. Ég held að þetta kerfi bjóði ekki upp á neitt annað en klíku, sama í hversu mikinn faglegan búning það er sett. Á endanum verður það smekkur fárra sem ræður,“ segir hann og vísar þar í þriggja manna nefnd sem velur þá sem fá listamannalaunin.

„Valdið á að vera hjá þjóðinni því þessi nefnd er búin að koma sér upp á milli þjóðarinnar og listamanna. Ef ríkið hefur til dæmis áhuga á að styðja við bakið á rithöfundum á það fyrst að aðstoða forlögin og útgáfufyrirtækin. Þau sjá síðan um að ráða til sín rithöfunda. Það er ekki rétt að ríkið sé með einstaklinga á launaskrá. Þetta stendur líka nýsköpun fyrir þrifum því það er erfitt að komast að fyrir ungt fólk.“

Þorsteinn telur það engin rök þegar því er haldið fram að sátt ríki um núverandi kerfi. „Alvöru lýðræði gengur ekki út á sátt, heldur deilur og umræður og að fólk taki þátt. Þegar Saddam Hussein var kjörinn forseti í Írak með 98% atkvæða var talað um að það ríkti sátt. Málið er bara ekki svona einfalt.“ Þorsteinn bætir því við að með því að láta svo fámennum hópi í té svo mikið vald verði smekkurinn í menningarheiminum miðstýrður. „Það er hættulegt menningunni þegar listamenn þurfa að fara að stíla inn á réttan smekk í bókmenntum eða myndlist til að geta lifað af. Þetta fólk í nefndinni er allt þrýðisfólk og yndislegt. Það er kerfið sem er rotíð og það verður aldrei gott svona.“

Athygli hefur vakið að rithöfundar á borð við Hallgrím Helgason fengu aðeins styrk til hálfars þrátt fyrir að vera mjög afkastamikill. „Hallgrímur átti allt gott skilið. Hann er mikið lesinn og metinn að verðleikum. Hann er mikilvægur fólki enda er það aðalatriðið að listamenn nái til þjóðarinnar. Það er hins vegar dapurlegt að rithöfundar sem selja í 300 eintökum á þriggja ára fresti séu á þriggja ára starfslaunum. Hendum þessu kerfi og gerum eitthvað sem er vit í og samræmist nútíma hugsun,“ segir Þorsteinn. „Það þarf ekkert að taka fram fyrir hendurnar á þjóðinni því fólk er ekki bjánar.“

freyr@frettabladid.is

Með álfa í farangrinum

Kvikmyndagerðarkonurnar Dörthe Eickelberg og Katinka Kocher komu síðast til Íslands í maí árið 2003 og luku tókum á heimildarmynd sinni Fairies & Other Tales, sem fjallar um álfrú á Íslandi. Þær eru nú loksins komnar aftur með myndina fullkláraða í farteskjuni og ætla að frumsýna hana á Íslandi.

„Við erum búnar að bíða lengi eftir þessu og erum mjög spennar fyrir því að sýna myndina á Íslandi,“ segir leikstjórinn Dörthe Eickelberg. Við ætluðum okkur alltaf að koma með myndina hingað og ætlum að fara með hana austur og sýna hana þar sem við tókum hana, á Skriðuklaustri og kannski líka á Egilsstöðum og í Borgarfirðinum. Goethe-stofnunin hafði milligöngu um fjárstyrk handa okkur en að öðru leyti greiðum við fyrir Íslandsheim-

sóknina sjálfar. Við hefðum gert þetta fyrir ef við hefðum haft tíma en nú er loksins komið að þessu. Við vildum ekki koma hingað að sumri til þar sem við erum svo hrifnar af íslenska vorhimninum. Við erum líka miklir aðdáendur íslenska vetrarins og ég vona að við fáum smá snjó líka.“

Dörthe segist vera með ýmis járn í eldinum um þessar mundir. „Þetta er auðvitað hjá mér eins og öllum öðrum atvinnulausum kvikmyndagerðarmönnum að ég er með mörg verkefni í pípunum. Þau eru öll á frumstigi og bíða eftir alls konar grænum ljósum frá fjármögnunum og fleirum.“

Fairies & Other Tales verður frumsýnd á laugardaginn klukkan 20 í Goethe Zentrum í húsi Máls og menningar á Laugavegi 18 og ef aðsókn gefur tilefni til verður önnur sýning klukkan 22. ■



„Við getum ekki beðið eftir því að komast út á land og fáum vonandi að sjá einhverjar dramatískar skjámyndanir,“ segir þýska Íslandsvinkonan Dörthe, sem heyrði fyrst af landinu í sögunum af Nonna og Manna. Hún og Katinka, sem er frá Sviss, skilðu álfamyndinni Fairies & Other Tales sem lokaverkefni í þýskum kvikmyndaskóla.

Nýtt í DV

Hér & nú

Róbert Marshall
Slasádist í skíðaferð

Mamma Heiða stolt af dóttur sinni

Borgarstjórinn tognaði á skíðum og fékk verkjalyf

DV - hefur þú séð DV í dag?

Sturtuklefadagar

VATNSVIRKJANS 8.-12. MARS!

macro

Sænsku Macro sturtuklefararnir standast allar alþjóðlegar gæðakröfur. Sturtuklefararnir eru til í öllum stærðum og gerðum og eru einfaldir í uppsetningu. Sjón er sögu ríkari!

Allt að
40%
afsláttur!

macro



Rúnaður klefi

- Stærð: 82x82 / 92x92 cm
- Áláferð/hvítur
- 6 mm. öryggisgler

Verð frá
139.995
Staðgreitt
~~159.995~~

macro



Hornklefi

- Stærð: 82x82 / 92x92 cm
- Gler/plast
- 4 mm. öryggisgler

Verð frá
73.995
Staðgreitt
~~84.995~~

macro



Semi rúnaður klefi

- Stærð: 82x82 / 92x92 cm
- Hvítur
- 4 mm. öryggisgler

82x82
54.995
Staðgreitt
~~94.995~~

92x92
59.995
Staðgreitt
~~99.995~~

macro



Sturtuhorn „Sargasso“

- Stærð: 88x88 / 98x98 cm
- Áláferð/hvítur
- 6 mm. öryggisgler

Verð frá
73.995
Staðgreitt
~~84.995~~

macro



Sturtuhorn „Skagen“

- Stærð: 88x88 / 98x98 cm
- Áláferð/hvítur
- 6 mm. öryggisgler

Verð frá
69.995
Staðgreitt
~~79.995~~

macro



Sturtuhorn - Rúnað

- Stærð: 8 80 / 90x90 cm
- Áláferð/hvítur
- 6 mm. öryggisgler

Verð frá
69.995
Staðgreitt
~~79.995~~

Léttgreiðslur/Raðgreiðslur



Reynsla og fagmennska í fyrirrúmi
- og alltaf heitt á könnunni!



VATNSVIRKINN

Ármúla 21 · 108 Reykjavík · Sími 533 2020
Afgreiðslutími: Virka daga 8-18 Laugardaga 10-17

*Míðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpgjald bærist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Þitt með fyrriara um prentvillur og/eða myndbrengr

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Eintak á
199 kr?

Sendu SMS skýtið BTL STF
á númerið 1900
og þú gætir unnið
10. hver vinnur
Aðalvinningur er:
Mustek DVD spillari og SHARK TALE á DVD



BAKÞANKAR

KRISTÍNAR HELGU
GUNNARSDÓTTUR

Sjúddirarírei!

Það er svo skemmtilegt þegar fólk finnur sér göfug baráttumál – drífur sig af stað með kyndla á lofti til að berjast fyrir jafnræði, réttlæti og bættum heimi. Það yljur svo um hjartarætur að sjá að enn er til fólk sem stendur á stórum skoðunum og er tilbúið að berjast til sigurs. Nýverið var stofnuð björgunarsveit fyrir erlenda skákmeistara og baráttusamtök um ódýrt vín í sjoppum hafa tekið til starfa. Aðstandendur þeirra fagna menningarlegu framfaraskrefi sem stigið var þegar baráttunni, frelsun bjórninn úr fríhöfninni, lauk.

NOKKRUM ÁRUM eftir byltinguna héldu þó sérfræðingar blaðamannafund og sýndu sláandi tölur um aukna unglindrykkju svo framfaraskrefið virtist vera minnst ein kloflengd aftur á bak. Furðulegt að Frónverjinn geti ekki hagað sér eins og finni Fransmaður – setið þrúður með sinn þrúgasufa í einni ták á stað þess að þamba fram á kamba, fá sér í allar tær og langt upp í legg. Þó er þar nú sögulegar skýringar að finna því þegar bruggið ruglaði lopa-hausa í ríminu í moldarkofum voru evrópskir bændur allsgáðir að klippa vínberjarunna í sólvermdum gördum.

ERLENDIR GESTIR hafa orð á unglindrykkju í miðbænum. Finnst ykkur þetta bara í lagi? spyrja þeir undrandi. Við yppum öxlum. Er eitthvað að þessu? Við höfum nú öll verið ung, segjum við og glottum. Þetta eru nú bara kálfarnir okkar að leika sér. En það er bús í spenum Búkollu sem endist fram undir morgun og búllurnar sjá sér hag í því að horfa framhjá ungum aldri viðskiptavina. Spjallþáttadrottning vill skoða íslenskt næturlíf, sem þykir með því magnaðasta norðan Alþafjalla.

OG SJÚDDIRARÍREI! Við höldum áfram að finna okkur merka málstaði að berjast fyrir. Það er verdugt baráttumál að bæta vinnmenninguna með því að frelsa sopann og koma honum í Krónus og Dónus. Hvaðan kemur krafan um að frelsa búsið? Kemur hún frá foreldrasamtökum eða skólafélögum? Nix, það eru peningar sem tala – valdið sem fullyrðir að aukið aðgengi minnki drykkju. Við stöndum okkur enda vel á heimsvísu. Við sækjum á Dani og Finna og stöndum jafnfætis Svíum. Ef búsið fer í búðirnar verðum við kannski heimsmeistarar. ■

Fáðu meira út úr tölvunni þinni Margmiðlunarvél á mögnuðu verði



Dell™ mælir með Microsoft® Windows® XP Professional.



Dell prentarar kosta ennþá minna en venjulega ef þú kaupir Dimension™ 5000.

Dimension™ 5000 stenst kröfur vandlátustu heimila um vinnuhraða og fjölhæfni. Intel® Pentium® 4 örgjörvi með Hyper-Threading tækni gerir fleiri hluti samtímis en flestir aðrir á markaðnum. Nú þarftu aldrei aftur að bíða, því þessi vél gerir í alvörunni marga hluti í einu.

Dell™ Dimension™ 5000

Intel® Pentium® 4 örgjörvi 520 með Hyper-Threading tækni (3.0GHz/1MB Cache 800MHz FSB & HT)
Microsoft® Windows® XP Professional
512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni
128MB PCI Express x16 X300 SE skjákort
160GB (7,200 rpm) SATA harður diskur
9-1 lesari fyrir algengustu minniskort
E173FP 17" flatur skjár

Verð **139.900,-** m/vsk

EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.



©2004 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er einungis gilt þegar varan er keypt í auglýstu pakkaþjóði. Dell, Dell lögöð og Latitude eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Intel, Intel Inside lögöð, Intel Centrino, Intel Centrino lögöð, Pentium, Pentium III Xeon, Intel Xeon, Itanium, Intel SpeedStep, og Celeron eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útbúa þess í Bandaríkjunum Norður Ameríku og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annarra. Microsoft og Windows eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell getur ekki táklað til vörumerka annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölu getur notað afritunarvæmari. Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarinn og notkunarskilmálar Microsoft verður skýrt við fyrstu ræðingu hugbúnaðarinn. Við endurnisættingu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft 510 6920.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

100%
veðsetningarhlutfall

Frjáls íbúðalán

4,15%

4,15% verðtryggðir vextir

Engin skilyrði
um önnur
bankaviðskipti

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar.
Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000
eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is